

Listin að finna ekki til

Við megum vel við una, þau gæði sem skaparinn leiddi oss til með búsetu á eyju nyrst í hafi með gnótt fiskjar, orkuauðlinda og hvítra fjallatinda.

Gamall maður með mjöll tímans á höfði, minnir oss á, að þeir hlutar jarðar eru hvítastir, sem næstir eru himninum og námur reynslunnar mestar og bestar.

Jökullinn þar sem tindurinn ber við himinn, með hvítri mjöll sem kápu, minnir oss á allt sem við ætluðum ekki gleyma en gleymdum.

Því á mennskan á þura partinum erfitt með að stjórna varanlega sinni velferð og gleymir oftast að þakka með auðmýkt fyrir skaparans góðu gæði.

Þó er skýrt að mennskan hefur haft endalaust gagn og gaman af stríði sínu á milli, en man ekki stríðin vegna góðra gæða gleymskunnar, sem auðævi eru.

Leðjuslagurinn gerir gagn og gleður og gefur mennsku og útslitnu öldnu fólki vitrun um að ekki er leiðinlegt að vera til, en vegna eðlisfræði slagsmála er óþolandi að finna til, sem oftast er ekki, er að reyna vera til.

EGJ.

Aðalfundur Samtaka aldraðra

Verður haldinn 28.05.2015 kl. 14.00 í safnaðarheimili Grensássóknar

Venjuleg aðalfundarstörf.

Vegna samþykktra breytinga á aðalfundi 2013 og 2014 á kosningu til stjórnar er rétt að hafa í huga að kosnir eru 4. aðalmenn og þrjú varamenn til stjórnarstarfa, en formaður er kosin sérstaklega.

Hafið þetta í huga og bjóðið ykkur til starfa.





Frá vinstri: Ingvar, Ingólfur Antonsson, Erna Fríða Berg, Dóra Sif Wíum og Páll Jónsson.

Síðasti stjórnarfundur Ingvars.

Minningarorð og þakkir fyrir allt og allt

Ingvar Georgsson gjaldkeri Samtaka aldraðra

Viðgerðar þörf kallaði mig á hjartadeild og því gerðust sögulegu tíðindi að kona stjórnáði stjórnar- fundi Samtaka aldraðra, í fyrsta skipti á 42 ára starfsferli samtakanna.

Sem betur fer var stjórn samtakanna ljóst að mynd yrði að taka af sögulegum áfanga. Síðast verkefni Ingvars fyrir SA, má þá líka vera á veggfestu þilja húsnæðis samtakanna.

Nokkrum vikum áður átti ég með Ingvari stundir, en síðan var stjórnarfundur Samtaka aldraðra, sem varð að halda, þar sem Ingvar og hans trausti förunautur og eiginkona, Sigríður Þorlákssdóttir hugðu á hvíld og frið að finna á fjarlægum friðar stað.

Því miður mátti öðruvísi verða. En það mátti líka öðruvísi verða að ég ætti göngugetu á stjórnarfundinn.

Það hafa mörg vötn til sjávar runnið á árum SA, og margt á daganna drifið. Sumt má geymast annað gleymast eins og gengur. Margt hefur verið svo stór-skemmtilegt, að efni væri í heilar bækur t.d. áfangarnir í byggingarsögu 442 íbúða Samtaka aldraðra, þar sem ryðja hefur þurft burt marga erfiða farartálma og gleðistundirnar við afhendingu íbúðanna og sigrum þegar við lukum öðrum velferðarverkefnum samtakanna. Allt þetta hefur frá upphafi verið gert við frumstæð skilyrði og alltaf við of lítið fjármagn.

Við getum sagt með handafli eða hugsjónum einu saman það var og er reyndar enn þynnum stráð vegferð. En sem betur fer hefur tekist að skila flestu með miklum sóma. Harmur og söknuður býr nú í brjóstum stjórnarmanna og í hugum þeirra allra er sem þjóðskáldið Jóhannes Katlaskáld segir í „Eigi skal höggva“. „ Gáfunnar ársal Æsir bjartir lýsa Einherjar djúpt í sálu falla og rísa“.

Ingvar var kosin í stjórn Samtaka aldraðra 2003 og hefur verið endurkjörinn æ síðan.

Árið 2005 var hann kjörin gjaldkeri samtakanna, sem hefur reynst einstök happgjörð, þar sem hans mikla reynsla af fjármálagæslu og gerð vandaðra skilagreina jók mjög á öryggi stjórnar og auðveldaði mjög kynningarstarfið til félaga samtakanna og annarra ráðamanna. Ingvar var harður, æðrulaus, yfirvegaður, já einrænn, sjálfum sér nægur, en umfram allt annað heiðursmaður sem dustaði ekki verkrykið undir teppi, en borðlagði til greiningar ef greina þurfti. Aðal einkennið Ingvars var hæversk og kurteis framkoma með þungri undiröldu alvöru manns. Óhætt er að segja að viðskiptaaðilar samtakanna og við félagar hans í stjórn SA bárum mikið traust til allra verka sem hann vann og naut Ingvar mikillar virðingar fyrir. Sannarlega vann hann af trúmennsku og ábyrgðarkennd fyrir velferð SA og hlúði að bjartri framtíðarhyggju, þá sérstaklega með í huga Sléttuvegs sigr SA 2008-2011. Sigrá sem m.a. unnust vegna vandaðra verka hans.

Já stundum koma inn á leiksvið sérhvers manns, menn, sem verða gimsteinar minninganna.

Takk fyrir mig og Samtök aldraðra.

Eiginkonu Ingvars, Sigríði Þorlákssdóttir og öllum öðrum aðstandendum sendir stjórn Samtaka aldraðra hugheilar samúðarkveðjur og kærar þakkir og biður góðan Guð að blessa minningu Ingvars Georgssonar félaga okkar, góðs drengs og sonar Siglufjarðar.

Skýrsla formanns stjórnar Samtaka aldraðra fyrir starfsárið 2014–2015

Verkefni síðasta starfsárs

Megin verkefnið var og er:

- Að skilgreina núverandi tilgang og framtíð Samtaka aldraðra
- Hvað eru Samtök aldraðra
- Stofnun og markmið
- Framvinda verkefna

Framtíð og staða velferðarverndar aldraðra

Þótt hugarflug og hugsjónaflakk stjórnar samtaka aldraðra hafi víða leitt okkur starfsárin frá 2007- 2015, höfum við haft gott jarðsamband með hjálp laga nr. 125/1999 sem fela í sér þau merku markmið að gera öldruðum fært að lifa eðlilegu heimilislífi eins lengi og kostur er og að öldruðum sé tryggð þjónusta þegar hennar er þörf og í samræmi við þarfir hvers og eins.

Ásamt því er lögð áhersla á að aldraðir njóti jafnréttis og að sjálfstæði þeirra sé virt.

Síðasta málgreinin lýsir í hnotskurn markmiðum Samtaka aldraðra.

Pólítísk framvarðasveit síðustu tvo tugi ára hefur sýnt fram á allgjört áhugaleysi á öldrunarmálum.

Það vantar ekki göfug markmið, það sem vantar eru að farið sé að lögum og loforð kosningabaráttunnar séu ekki bara þykjustuleikir.

Tilgangur Samtaka aldraðra við stofnun þeirra 1973.

1. Stuðla að byggingu hentugra íbúða fyrir aldraða. Stjórn skipar byggingarnefnd.
2. Vinna að aukningu á sjúkrahúsum fyrir aldraða sem þurfa hjúkrunar við.
3. Stuðla að bættari þjónustu hins opinbera við aldraða í heimahúsum.
4. Stuðla að samvinnu við hliðstæð félög innlend og erlend.
5. Vinna gegn því að öldruðum sé íþyngt með óeðlilegum skattaálagum.

Það er ekki síst að þakka þeirri kynslóð sem setti samtökunum þessi markmið, að hafa þrátt fyrir mikið mannfali stríðsáranna og efnahagserfiðleika, lagt grunninn að þeim lífsgæðum sem við Íslendingar búum við í dag og gerðu þjóð okkar samkeppnishæfa og hamingjusama í samfélagi frjálsra þjóða. Á grunni ofangreindra markmiða hefur formaður SA unnið, átta síðustu ár.

En virðulegu félagsmenn, það er kýrskirt að markmiðum laganna verða því aðeins náð að öflug samtök eldri borgara veiti stjórnvöldum nauðsynlegt aðhald og um leið aðstoði stjórnvöld með gefandi og innihaldsríkri samræðu um að finna leiðir til að efna skyldur sínar samkvæmt lögum, í samræmi við okkar og í raun þeirra markmiðum. Samtök aldraðra hefur af miklum þunga lagt sitt af mörkum í baráttu aldraðra til að þessum markmiðum sé náð.

Umræðan er og verður um velferðarvernd eldri borgara

Þjónustusel Sléttuvegi/Hjúkrunarheimilli.

1. Er DAS búið að gefast upp á frekari samræðum?./ Hvað með hjúkrunarheimilið?
2. Ef notast á við núverandi þjónustusel verður að koma hita í gangstéttar.
3. Borgarafundur um stöðu þess máls? - átti að hefja framkv. 2007.

Lóðir við Bólsstaðarhlíð?

1. Ýmisli. Tengt við málið
2. Húsnæði fyrir dagþjálfun?
3. Tenging við selið/ Sameiginlegt bílahús.
4. Allt að 50 íbúðir?

Þróunarmál

1. Íbúðar eftirspurn mikill, lauslega skoðað 300-400 íbúðir
2. Er ekki takmarkaður áhugi í pólitík á málefnum aldraðra vegna anna og vanda með mál unga fólksins?


Samstarf við önnur félög með sömu markmið

Tengslamál

1. Skipulagður samráðs og umræðu vettvangur við kjörna fulltrúa.öldrunarmála og stjórn mála

Stórfrétt frá Reykjavíkurborg

Loksins, loksins Öldungaráð og lóð við Bólstaðar/ Stakkahlíð með minnst 50 íbúðum, okkar turn er gulur, lóðirnar vestan við turninn eru einnig á okkar lóð.



Farinn vegur og afleggjarar

Samtökin skuldar engum neitt og hefur aldrei fengið fjárhagslegan styrk fyrir sínar íbúðarbyggingar, hvorki frá ríki eða Reykjavíkurborg á sínum 43 ára starfsferli, ólíkt öðrum sambærilegum félögum og stendur því á styrkum fótum í þeirri baráttu.

Framkvæmdarsjóður aldraðra hefur hinsvegar styrkt byggingar þjónustuselja fyrir aldraða í borginni og nágrenni, sem sum hver eru staðsett í næsta nágrenni okkar 443. íbúða. Samtökin ætla áfram að mæta til framtíðarverkefna með sína reynslu og vonandi óþrjótandi elju í góðu samstarfi við alla þá sem sýna og sanna að þeir séu verðugir samstarfsaðilar, lausir við blaður, sýndarmennsku og með innihald í sinni gerðabók um vinnu í samræmi við lög og stefnubreytingar

En fyrst og fremst þurfum við að hafa í frammi gefandi samræðu við eldhuga stjórnámálanna, þ.e. stjórnámálann sem hafa vilja og þor til leggja sitt af mörkum til að aldraðir búi við reisin á ævikvöldi. Við,- kynslóðin sem er að fara í hvíld skilum landinu ríku, enþá fallegra örugggra landi enn en við tókum við. Við erum stolt og hreykin.

Við erum mjög stolt, því að við gátum skapað skilyrði fyrir fleiri listaspírur og aukið framlegð á háskólamenntuðu fólki og haldið uppi menningarlífi sem miljónabjóð. Það er stórkostlegt að þurfa ekki að veiða fisk fyrir um 150 miljarða króna á ári bara til að kaupa olíu fyrir landsmenn til ljósa,

hita og annarra nota, í stað þess notað féð til menningar og aukins máttar þjóðarinnar fyrir yngri sem eldri landsmenn.

Þegar litið er yfir þróun öldrunar- umhyggju á liðnum áratugum verðum við sem nú lifum ævikvöldið og eigum tækifæri til að kynna okkur stöðu umhyggju aldraðra máldofa yfir þeirri dekurbyltingu sem orðið hefur á okkar æviskeiði, við horfum til Gömlu og nýju Grundar, afrekaskrá DAS og þeirra sögu, og örskammrar fæðingar Skjól's og síðan Eir með sína stórkotslegu þjónustu, 16 þjónustuselja Reykjavíkurborgar og allra þeirra hjúkrunarheimila sem Borgin byggði undir forystu læknisins og borgarfulltrúans Páls Gíslasonar. Við megum heldur ekki gleyma að öldrunarsérfræðingar hjúkrunar og lækninga hafa nú miðstöð sína á Landakotsspítala og kenna þeim og þjálfá sem þjóna eiga öldruðum annarsstaðar í heilbrigðiskerfinu.

En áður en við missum tár í báða hvarma skulum við skyggjast bak við tjöldin og þá sjáum við að sjálfssprotinn félög eru fyrst og fremst gerendur byltingarinnar. Maður spyr; "er eitthvað að því"? Nei og aftur nei, þegar þeir sem ábirgð hafa bregðast taka aðrir við sem betur fer byltingin hefði ekki gerst með öðrum hætti.

Við sáum þetta staðfest með ótrúlegu og endurteknu sjálfböða starfi og fjármögnun Oddfellow hreyfingarinnar við stækkun líknardeildar í Kópavogi fyrir skömmu.

Við sem nú erum í þeim sporum að verða þolendur og notendur þjónustunnar hljótum að segja við Oddfellum og aðra þá sem brautirnar ruddu, takk fyrir við erum hreykin af ykkur, hafið okkar þakki.

Margrétar Ósvaldsdóttir stjórnandi Hjúkrunarheimilis Seljahlíðar í Reykjavík, segir í grein sem birtist í fréttablaði okkar „að forsenda framsýni sé forvitni og upplýsingaöflun“. Hún segir líka í grein sinni „Fylgjast þarf með hverjir eru að standa sig best í málaflokkum og hvaða aðferðum þeir eru að beita, og fylgjast með athöfnum stjórnvalda með gagnrýnu hugarfari.

Síðast en ekki síst, hvers óska þeir sem eru að notendur þjónustu opinberra lögbundina þjónustu og að hún sé rétt fram borin“.

„Það er nú einmitt þannig að líta ber á ábendingar og/eða kvartanir viðskiptavina sem ókeypis ráðgjöf til þeirra sem stjórna því hvar og hvernig þjónusta skuli veitt. Hlustum því eftir ábendingum og reynum ávallt að gera betur í dag en í gær, því svo lengi lærir sem lifir“.

Já þetta þarf til að hugsjónir gerjist og gerist til verða að gagni „ segir Margrét í grein sinni. Menn kalla „Úlfur - Úlfur“ nú um stundir vegna þess mikla „vandamáls“ að landinn verður stöðugt eldri og eldri. Þetta furðulega viðhorf hefur komið fram, af miklum styrkleika, frá spítalakerfi og lífeyrisjóðs stjórnendum. Að mínu mati ætti þetta að vera grunnur að þakkarbænum í kirkjum (söfnuðum) landsins og öðrum moskum og sjá ætti mikinn fögnuð fjárfesta í öldrunarþjónustu Íslands.

Reynslan sýnir að „Úlfs öskrið“ er eitt álitlegasta verkfæri þeirra sem telja sig „eiga“ landið og vilja meina að hlutverk þeirra sé að hafa vit fyrir landanum og að peningarnir séu í auknum mæli hjá þeim sem hingað til, í þeirra forsjá og góðra erfingja þeirra þar sé þeim best borgið fyrir land og þjóð, eins og hjúalögin áttu að sanna en gerðu það gagnstæða.

Því vilja þeir meðal annarra aðgerða, fresta lífeyrisaldri hins venjulega daglaunamanns, en verði ekki þeirra vilji. En ljóst er mér áttæðum og á slitnum skóm, að það verður og er grundvallar atriði nú að lífeyrissjóðum sé gert kleyft, í enn meira mæli en hingað til, að tryggja enn sterkari framleiðslugetu atvinnulífs svo að atvinnuþörf sjáanlegrar aukningu atvinnubærra í landinu verði borgið og reyna líka að sjá svo um, að nú verði með öllum tiltækum ráðum unnið gegn atvinnuleysi, bæði sjáanlegu og duldu.

Auka skattar á atvinnulífið svo sem Tryggingargjaldið ætti að kasta út í hafsauga svo og önnur álíka fyrirbæri

sem engin stoð er fyrir í atvinnulífinu. Tekjuskattur er eina stjórnarskrávarða tekjuform ríkisjóðs og þetta á líka við um meginhluta taumlausra gjaldstofna sveitarfélaga í stað réttlátra útsvarstekna. Já þetta er hlutskipti okkar á helvítis grjóthólmann, eins kokkurinn minn orðaði um dásemdina framundan, þegar báran varð sterkari við að sigla uppá landgrundið og pottarnir fóru á stað. Slengi brettin þurfa að vera á sínum stað, ástkærir þjóðarkokkar, þegar brim og báruur vaggja þjóðarskútunni, það er klárt.

Ofanskráð er ekki gagnrýni kæri forseti Íslendinga, bara staðreyndir. Ég fæ nú ekki séð, samkvæmd nýjustu gögnum, að lífeyrisgreiðslur á Íslandi séu neitt að nálgast norræna velferðarhlutfallið.

Heldur þvert á móti hefur lífeyrir lækkað vegna skerðinganna sem hófust fyrsta júlí 2009 fyrir tilstuðlan og ákvörðunar Norrænar velferðarstjórnar á Íslandi, sem var að hamast við að bjarga einkabönkunum í stað þess að láta þá fara á hausinn. Enn og aftur, ofanskráð er ekki gagnrýni kæri forseti Íslendinga, bara staðreyndir. Félagsvísindastofnun vann skýrslu sem gefin var út 1999. um stöðu ellilífeyris útgjalda OECD landa að beiðni Framkvæmdanefndar vegna árs aldraðra og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. En segja má að staða Norðurlanda hafi lítið breyst síðan.

Í nýlegum mannfjöldaspám hefur verið miðað við að 8% til 10% af mannfjölda á Íslandi hafi orðið 67+gamlir undanfarið ár, en verði líklega um 17% 2030 og um 19% 2050. Ef við gefum okkur að Íslendingar verði 375 þús. 2050 þá verða 67+ um 71.400. Árleg aukning undanfarið hefur verið rúmlega 1% en stefnir í 3% um 2020, en tekur svo að lækka aftur að 1%. Forvitnilegt væri að skoða þá hlið málsins nánar. Hafa verður í huga að fjölgun vinnubærra þ.e. yngri enn 67+ verða yfir 2% að meðaltali næstu áratugi, líklega meiri, væri gert mögulegt að eldri enn 70+gamlir og heilsuhaustir hefðu almenn vinnuréttindi.

	65 ára og eldri % íbúa	Lífeyrisgreiðslur % VLF	Útgjaldahlutfall %	Þjónusta v.aldraða og öryrkja % VLF
Danmörk	15,1	12,6	0,83	3,3
Finland	14,3	13,4	0,94	1,8
Ísland	11,3	5,7	0,5	2
Noregur	15,9	9,1	0,78	3,4
Svíþjóð	17,5	13,7	0,57	3,9

Meðal annars eru forsendur framreikningsins:

Gert er ráð fyrir að meðalævilengd kynjanna hækki jafnt og þétt yfir tímabilið 2003–2042 og verði orðin í lok þess 82,1 ár hjá körlum og 84,8 ár hjá konum. Í dag er meðalævi-lengd

karla 77,6 ár og hjá konum 81,4 ár. Reiknað er með að hver kona fæði að meðal-tali 2,05 börn á tímabilinu 2003–2004, en það er meðaltal árána 1996-2000. Eldri borgarar 67+ gamlir voru um 30.000 í desember 2010 en verða um 60.000 í desember 2030.

Munið að aldraðir hafa búið við mismunandi kjör og afkomu vegna mismunandi starfskjara og heilsufars á starfsævihluta lífsins, þess vegna þarf tekjutryggingu, það ættu stjórnárásmenn að skilja.. Stjórnsýslu afglöp fjármálsnillinga í netbólunni og bankabólunni þekkjum við öll og vitum að "snillin" var hræðilegur smitsjúkdómur sem smitaði alla fjárgæmslumenn og jafnvel gætnustu konur í þeirri stétt, með lottó leikja æði og ýmsu öðru verra á því sviði. Líka gæslumenn ríkis og sveita sjóðsins, sem líka hafa leyft ríkissjóði að lána vaxtalaust lífeyrislaun starfsmanna sinna um áratugaskeið, til ýmissa dægurleikja mikilmenna landsins, s.s til leikhalla og söngskemmtana. Aðrir vinnuveitendur sem það gera, eru bak við rimlanna. Farið því varlega með sparifé þjóðarinnar sem liggur í okkar sjóðum beggja forma, þ.e. sófnunarsjóðum og gegnumstreymis.

Munið að lottó miðar bólunnar síðustu kostuðu 12000 miljarða króna. Farið því varlega, þið hugum stóru lífeyrisstjórnarmenn og gætið þyngjunnar vel, svo eitthvað verði til á öldrunarskeiði ykkar og ykkar jafnaldrar, en hjálpið okkur í verkefnum aldraðra við bæta sérgæði öldrunarþjónustu aldraðra og komandi eldri borgara. Þar og þá getum við sest niður og fundið leiðina að enn betri lífsgæðum aldraðra í okkar samfélagi.

Styrmir Gunnarsson f.v. ritstjóri segir í grein í fréttabréfi okkar, sem hann nefnir:

„Það er kominn tími til að hin aldraða sveit að rís upp“

„Eftir að hafa verið í nokkur ár á áttæðisaldri finnst mér“, segir Styrmir og bætir við, „að frá og með þeim aldri eigi fólk að sitja á hliðarlínu og hafa hægt um sig.

Ef við tökum umbúðirnar utan af vinsamlegu tali hljóðar það svona: Við ætlum að sjá um ykkur en þið látið okkur í friði að öðru leyti“.

Og Styrmir heldur áfram; „Út af fyrir sig er engum bannað að vinna í dag en augljóst að þeir gera það tæpast nema á eigin vegum. Í þeirri óskráðu reglu, að fólk bjóði sig ekki fram til opinberra starfa eftir sjötugt felst að yngri aldursflokkar séu betur til þess fallnir að stjórna sameiginlegum málefnum lands og þjóðar en hinir eldri. Er það víst að svo sé?“

Já hugsjónir þessa spaka manns Styrmis Gunnarssonar verðum við að virða og taka þátt í samræðu með honum og öðrum um að marka leiðir til að nýta betur þá auðlegð sem

býr í huga og hönd þess aldraða, þeim til uppörfunar og reinsnar og þjóðfélaginu til heilla.

Já það er mjög nauðsynlegt í allri samræðu að halda sér föstum/fastrí við að forsenda framsýni sé forvitni og upplýsingaöflun. Fylgjast þarf með hverjir eru að standa sig best í að ná markmiðum öldrunarlaganna og hvaða aðferðum þeir eru að beita. Síðast en ekki síst, hvers óska þeir sem gera sér grein fyrir að þeir ásamt öðrum landsmönnum verða að lokum njótendur þjónustu á grundvelli laganna vegna öldrunarsjúkdóma eða líknarþarfa.

Það er og hefur frá fyrstu tíð svo sannarlega verið metnaðarmál Samtaka aldraðra að búið sé að eldri borgurum við þær aðstæður og þjónustu sem miðist við einstaklingsbundnar þarfir og best fánleg gæði í eigin íbúð við sem lægstan kostnað og á grundvelli þess sem áður er sagt.

Samtök aldraðra hafa byggt 11 fjölbýlishús í Reykjavík með 415 íbúðum í góðri samvinnu við borgar yfirvöld. Og eitt Kópavogi og eru með annað í byggingu þar. Húsin eru öll í glæsilegu og hentugu umhverfi, með sérhönnuðum íbúðum fyrir þarfir eldra fólks, ásamt með sameiginlegum þjónusturýmum til félagslegra athafna. Ég þori að segja að íbúðirnar séu allar notendavænar og fallegar.

Það er nauðsynlegt að halda á lofti þeirri staðreynd að öllum áður nefndum íbúðum hefur verið skilað til íbúðar eiganda við verð sem helst má líkja við kostnað fyrri tíma við byggingu eigin íbúðar þannig varð brúttó verð hvers fermetra á Sléttuvegi 19-23. 127,8 þ.krónur við afhendingu í apríl 2007 og 190.430 á Sléttuvegi 29- 31 við afhendingu á Sléttuvegi 29-31 nú 2011. Það er aðeins lægra verð en 2007, eins og sjá má ef vísitala byggingarkostnaðar er réttur mælikvarði.

Það er því staðfest og jarðbundin sönnun að raunveruleg „hagfræði“ réði því að ekki var farið að ráðum sérfræðinga Landsbanka um frestun framkvæmda við Sléttuveg 29-31. Formaður stjórnar Samtaka aldraðra vill nota þessi tímamót,- til að koma á framfæri miklu þakklæti og virðingu Samtaka aldraðra til handa Reykjavíkurborg, kjörnum fullrúum í borgarstjórn, embættismönnum og starfsmönnum borgarinnar fyrir gott árangursríkt samstarf, traust og samvinnu á síðustu átta árum.

Þó það traust og samstarf hafi ekki fleytt okkur yfir mörg sker síðustu árin. En bráðum kemur þó betri tíð með blóm í haga fyrir báða. Blómin eru reyndar við sjóndeildarhringinn í drögum um stefnu Reykjavíkur í málefnum aldraðra til næstu ára og hressilega endurnýjun í stjórn Samtaka aldraðra.

Samstarf SA og Félags eldri borgara í Reykjavík

Fyrir skömmu var haldinn undirbúningsrabb Félags eldri borgara og Samtakaaldrara hvort áhugi væri fyrir samstarfi félaganna um ýmskonar málefnaströf og kanna hvar væri rétt og verðmætt væri að styrkja mátt og meginna aldraðra með meiri félagslegri breidd og styrk. Fram kom á fundinum samhljómur um að svo væri og tekin ákvörðun um að rétt væri fela kjörnum nefndum að kanna samstarfsávinning og gera stjórnnum félaganna tillögur um hvar væri best og hagkvæmast að bera niður, Stjórn Samtaka aldraðra mun bera upp tillögu á aðalfundi sínum 28 maí n.k. um skipan slíkrar nefndar.

Hvers vegna var stofnað nýtt félag aldraðra í Reykjavík 1989? Samtök aldraðra voru fyrir í Reykjavík stofnuð 1973.

Markmið Samtaka aldraðra 1973. Gildir enn

1. Stuðla að byggingu hentugra íbúða fyrir aldraða. Stjórn skipar byggingarnefnd.
2. Vinna að aukningu á sjúkrarýmum fyrir aldraða sem þurfa hjúkrunar við.
3. Stuðla að bættari þjónustu hins opinbera við aldraða í heimahúsum.
4. Stuðla að samvinnu við hliðstæð félög innlend og erlend.
5. Vinna gegn því að öldruðum sé íþyngt með óeðlilegum skattaálögum.

Markmið Félags eldri borgara Reykjavík 1989

Hlutverk félagsins er að gæta hagsmuna eldra fólks í hvívetna, meðal annars með því að:

- A) Reka félagsheimili og aðstöðu fyrir starfsemi félagsins.
- B) Koma á og efla tengsl milli þeirra félagsmanna sem óska aðstoðar og hinna sem geta veitt hana.
- C) Hlúa að hverskonar áhugamálum eldra fólks, skipuleggja námskeið, fræðslufundi, tómstundavinnu, skemmtanir, ferðalög og fleira.
- D) Stuðla að líkamspjálfun og útivist.
- E) Efla félagslegt og efnahagslegt öryggi eldra fólks.
- F) Vinna að úrbótum í húsnæðismálum eldri borgara.
- G) Fylgjast með lagasetningu Alþingis sem varðar hagsmuni aldraðra og beita áhrifum sínum með viðræðum, samstarfi og samningum við stjórnvöld.
- H) Vinna að öðrum þeim verkefnum sem stjórnin telur ástæðu til að félagið annist.

Frávik markmiða er efnislega tvö, sem er:

- C) Hlúa að hverskonar áhugamálum eldra fólks, skipuleggja námskeið, fræðslufundi, tómstundavinnu, skemmtanir,

ferðalög og fleira. og D) Stuðla að líkamspjálfun og útivist. Mikilvæg atriði, en einstaklingsbundin. Í raun ber ekkert á milli.

Stofnsaga Félags eldri borgara Reykjavík

Lesið í og lánað úr Félagstíðendum Eldri borgara Reykjavík;

Á aðalfundi FEB í febrúar sl. var Hrafn Magnússon kosinn í stjórn félagsins. Félagstíðindi höfðu fregnað að Hrafn hafi komið að undirbúningi að stofnun FEB á sínum tíma fyrir hönd lífeyrissjóðanna.

Af því tilefni þótti við hæfi að forvitnast hjá honum um aðdragandann að stofnun félagsins. Gefum Hrafn orðið:

Kynnisferð til Danmerkur og Svíþjóðar, Í janúarmánuði 1984 barst ASÍ erindi frá Samtökum lífeyrisþega í Svíþjóð, Pensionärens Riksorganisation, skammst. PRO, að senda fulltrúa í kynnisferð til Danmerkur og Svíþjóðar.

Tildrög þessarar ferðar voru þau að formaður Nordisk Samráð för Aktivt Åldrande, skammst. NORSAM, Willy Sehlberg, kom til Íslands haustið 1983 og átti meðal annars viðræður við fulltrúa frá ASÍ og Sambandi almennra lífeyrissjóða, SAL, um málefni lífeyrisþega.

Willy Sehlberg sem jafnframt var forstjóri PRO í Svíþjóð, gat þess í þeim viðræðum að fulltrúar frá PRO færu í kynnisferð til Danmerkur í byrjun árs 1984 til að kynna sér starfsemi Sambands lífeyris- og eftirlaunaþega innan danska Alþýðusambandsins, LO Faglige Pensionister og Efterlønsmottagere, skammst. LO-FPE.

Bauðst Willy Sehlberg til þess að fulltrúar ASÍ gætu tekið þátt í þessari kynnisferð og jafnframt kynnt sér starfsemi PRO í Svíþjóð.

Miðstjórn ASÍ ákvað að senda Guðríði Elíasdóttur, formann Verkakvennafélagsins Framtíðarinnar í Hafnarfirði í kynnisferð þessa en Guðríður átti einmitt sæti í stjórn Öldrunarráðs Íslands á þessum árum. ASÍ beindi þeim tilmælum til SAL að fulltrúi færi frá lífeyris sjóðnum í kynnisferð þessa og var ákveðið að senda mig í ferðina sem framkvæmdastjóra sambandsins. Þá bárust tilmæli frá lífeyrissjóði Hlífar og Framtíðarinnar í Hafnarfirði að sjóðurinn fengi að senda fulltrúa og var ákveðið að verða við því. Fulltrúi sjóðsins var Oddný Björgvinsdóttir, framkvæmdastjóri sjóðsins [Alnafna ritstjóra Félagstíðinda]. Hygg ég að Guðríður hafi óskað eftir því að Oddný færi í ferðina og væri sér til halds og trausts.

Ennfremur tók Jón R. Sigurjónsson, framkvæmdastjóri lífeyrissjóðs byggingamanna, þátt í dagskrá ferðarinnar í

Danmörku, en Jón var einmitt staddur þar í landi að kynna sér tölvukerfi lífeyrissjóða og stéttarfélag. Ég slóst síðan í för með Jóni að lokinni kynnisferðinni hjá LO-FBE og PRO og mun ég síðar á öðrum vettvangi greina frá aðdraganda að samræmdri tölvu- og hugbúnaðarþjónustu lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði. Takturinn sleginn. Þegar heim var komið féll það aðallega í minn hlut að ganga frá skýrslu um ferðina. Skýrslan var í þremur meginköflum. Í fyrsta lagi var fjallað um LO Faglige Pensionister og Efterlønsmotagere, LO-FPE. Í öðru lagi var greint frá Pensionärens Riksorganisation, PRO, en í lokakafla skýrslunnar voru síðan dregnar saman helstu niðurstöðu ferðarinnar og bent á þær leiðir, sem hægt væri að fara hér á landi varðandi stofnun samtaka lífeyrisþega. Bæði var þar fjallað um stofnun heildarsamtaka aldraðra svo og stofnun einstakra svæðisfélaga. Í lokaniðurstöðum segir m.a.: „Vafalaust er mikil bjartsýni að ætlast til þess að 20% til 25% íslensku þjóðarinnar, 65 ára og eldri, gangi í slík heildarsamtök. Þessi skoðun byggðist m.a. á því að 30% af aldurshópnum 65 ára og eldri voru innan PRO, svo og að þessi aldurs hópur færi mun seinna út af vinnumarkaðinum á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum.“ Á hitt ber þó að líta að í dag eru engin heildarsamtök lífeyrisþega til, - ef undan eru skilin samtök lífeyrisþega opinberra starfsmanna.

Um verulega kraftmikla starfsemi, eins og tíðkast á Norðurlöndum, er því varla um að ræða hér á landi. Við stofnun slíkra samtaka og félaga er það því óneitanlega kostur að ekki er verið að fara inn á verk svið annarra fjölmennra félagasamtaka lífeyrisþega. Aðstæður hér á landi eru hins vegar þær að eldra fólk vinnur langtum lengur á Íslandi en jafnaldrar þess á hinum Norðurlöndunum og er því ekki hægt að gera ráð fyrir sambærilegri virkni félagsmanna né að fullvinnandi maður finni hjá sér þörf að ganga í samtök lífeyrisþega. Lagt er til að aðilar vinnumarkaðarins setji á stofn samráðsnefnd til að kanna þessi mál nánar og hvort raunhæfur grundvöllur sé fyrir almennri stofnun félaga og heildarsamtaka lífeyrisþega. Ljóst er að vinna þarf mikla undirbúningsvinnu og kanna þarf allar aðstæður rækilega.

Miðað við fámenni þjóðarinnar og strjálbýli virðist því ekki vanþörf á því að sameina alla lífeyrisþega í samstæð heildarsamtök. Markmið slíkra samtaka verður þá að vera sett þannig fram að sem flestir lífeyrisþegar finni hjá sér hvöt til að vinna að því innan félaganna að ná fram þeim markmiðum. Heildarsamtök lífeyrisþega með óljós markmið og stefnuskrá geta því ekki orðið annað en steinrunnin stofnun og slíkt ber að varast.

Samráðsnefnd ASÍ og lífeyrissjóðanna í framhaldi af þessari kynnisferð og skýrslu samþykkti miðstjórn ASÍ að skipa

þau Guðríði Elíasdóttur og Snorra Jónsson í samráðsnefnd, ásamt fulltrúa SAL til að vinna frekar að framgangi málsins. Framkvæmdastjórn SAL skipaði fyrir sitt leyti mig í nefndina. Samráðsnefndin hélt nokkra fundi á árinu og ákvað að kanna þyrfti stöðu þessara mála hér á landi, m.a. með viðtækri gagnasöfnun um starfsemi aldraðra víðs vegar um landið. Var nú komið fram á árið 1985 en í febrúarmánuði á því ári ákvað miðstjórn ASÍ að tilnefna auk þeirra sem áður er getið eftirtalda í nefndina: Benedikt Davíðsson, Guðrúnu Thorarensen og Jón Agnar Eggertsson. Ég minnst þess ekki sérstaklega að hafa fundað með ofangreindum aðilum að öðru leyti en því að Benedikt var gagnkunnugur þessum málum, bæði sem formaður Sambands almennra lífeyrissjóða og sem miðstjórnarmaður í ASÍ. Má m.a. merkja það í drögum að ályktun um málefni aldraðra, sem lögð voru fyrir sambandsstjórnarfund ASÍ þann 14. nóvember 1985, eða sex mánuðum síðar, en þau eru aðeins undirrituð af okkur þremur í nefndinni, þ.e. Guðríði Elíasdóttur, Snorra Jónssyni og mér. Þessi drög voru samþykkt samhljóða á sambandsstjórnarfundinum sem ályktun um málefni aldraðra og þar með var sleginn sá taktur sem skilaði sér að mestu inn í fyrstu löggin á stofnfundi FEB. Hafði Guðríður framsögu um þessa ályktun á sambandsstjórnarfundinum. Í ályktuninni er þess getið forgangsverkefnið hljóti að vera vinna að stofnun félags eldri borgara sem víðast í landinu. Einu skilyrðin sem ætti að setja fyrir aðild að slíkum félögum væri að viðkomandi hefði náð 60 ára aldri. Í félögum ættu líka að geta verið makar og sambýlisfólk þeirra, þó það hefði ekki náð þessum aldursmörkum. Jafnframt bæri að vinna að því að stofnun landssambands þessara félaga.


Ljóst er að hugsandi mönnum hefur verið það mikill hvati að samtök vinnandi fólks í landinu væri bakhjarl aldraðra, og ekki síst að lífeyrissjóðirnir þáverandi væru það líka. Því vinnandi stéttum var ljóst að almenni tryggingarsjóðurinn væri myglaður innan frá vegna van innheimtu iðgjalda hjá eiginreksturs aðilum, samanber örlög Sjúkrasamlaga landsmanna.

Hinsvegar er í raun svo, að samtök vinnandi fólks hefur ekki haft vilja til að styðja hina öldruðu á neinn hátt. Aldraða sem og voru brautryðjendur, stofnendur og félags konur/ menn samtaka vinnandi fólks í landinu. Margur er frekar sviptur eignarrétti t.d. í orlofshúsum/búðum og því sem alvörubenkjandi stofnendum hefur væntanlega þótt mikilvægast, að fá bakstuðning, við að viðhalda sömu þróun í framfærslugetu sem félagsmenn vinnandi stétta berjast fyrir og fá á hverjum tíma. Það má með sanni segja að Alþýðusambönd landsmanna og lífeyrissjóðir hafi vísað á dyr öllum væntingu hinna vinnandi stétta eftir vinnulok og gera enn.

Segja má án mikillar ókurteisi að oft er haldið að nýtt bragðist betur en gamalt.

Víðast er sparað varðandi fólkið sem skapaði þjónustugæði landsmanna

Ég vil að lokum þakka fyrir mig og þá þolinmæði, traust og skilning sem hef upplifað í samleið með ykkur, virðulegu félagar. En og aftur; Munið að megin verkefnið er: Að skilgreina núverandi tilgang og framtíð Samtaka aldraðra með nýrri samræðulist.



Við erum að klára gelgjuna.

Með fjölgun þjóðarinnar og aukinna lífsgæða fjölga og þeim, sem gamlir verða. Við verðum að horfast í augu við að svona er staðan og forðast ekki þá staðreynd, eins og kettir heitan graut, að tala aldraðra tvöfaldast á næstu árum og að menn verða gamlir og lúnir í lífsstritinu. og geta sumir hverjir þá ekki lengur búið að sínu og verið með sínum og þurfa því vistast á hjúkrunarheimilum eða öðrum sjúkrastofnunum. Ef rétt er að staðið, þarf að auka til muna aðgengi að dagvistun og hvíldarinnlögnum og heimilis hjúkrunarþjónustu. Stjórn og fjársýsla hjúkrunarheimilla er miðuð við neyð og líkn nú til dags. Dvalarheimili eru ekki lengur í boði og vistunarmatsnefndir hafa þröngt svigrúm. Það er ótrúleg mismunun að allir fá ókeypis sjúkrahúsa vist nema aldraðir, og það eftir að dvalarheimilisvist var lögð niður. Hér og nú er ekki staður né stund til að nefna margar tölur, en margir sjúkir aldraðir greiða um 400 þúsund krónur í dvalargjöld á mánuði. En kostnaður á rými er 600-900 þúsund krónur á mánuði. Stofnkostnaður rýma er rúmleg 33 milljónir króna.

Á næstu áratugum þarf að byggja 3000 rými sem kosta um 100 milljarða króna, samkvæmt 75m² rýmiskröfum, sé rýmiskrafan lækkuð í 45m², kostar uppbyggingin 50 milljarða króna. Ofgnóttar stefna má ekki leiða okkur í öngstræti og skort. Bygging hjúkrunarheimila og viðtengdra þjónustuíbúða er ekkert þjóðfélagslegt vandamál. Það er viðfangsefni, sem verður leysa miðað við þarfir. Það tekur tíma og fjármagn sem virðist oft vera uppuríð í „annað“. Hjúkrunarheimili eru góðar og þarfar stofnanir, en í Guðanna bænum þau eru bara venjuleg sjúkrahús en eiga ekki að vera nein dekur heimili. Þau eru tákn mannlegrar umhyggju fyrir þá, sem gefið hafa lífsprek sitt í framvindu menningar og lífsgæða þjóðarinnar. Þar eru unnin göfug verk, sem aldrei verða fullþökkuð. En fyrir þá umhyggju á gamlinginn ekki að greiða sérstaklega frekari en aðrir sem þurfa á sjúkrahúsvist að halda. Ending manna er að mestu leyti undir því komin, hvernig maður fer með þetta undursamlega lífæri tilfinninga, hugsunar og hugsjóna í sjálfum sér. Lausn á vandamáli hins andlega dauða ellinnar er, að efla hið innra líf í brjósti hinna fullorðnu, vekja logann í fylgsnum hugsunar til nýs lífs. Það er að bæta lífi við árin. Fólk á bæði að fara í andlegan og líkamlegan göngutúr dag hvern. Þá myndi gamli unglíngurinn ekki að líta með kvíða til elliáranna, og viska ellinnar væri í hávegum höfð, er enginn væri vetur andlegs dauða, heldur eilíft haust vaxtar og uppskeru til dánardægurs.

Önnur verkefni sem hafa verið í gangi og sum eru enn

1. Skógarvegur 16 og aðrar lóðarumsóknir
2. Þjónustusel við Sléttuveg
3. Hjúkrunar og heimilis aðstaða við Sléttuveg og í nálægð annarra húsa samtakanna
4. sala notaðra og nýrra íbúða.
5. Bólstaðarhlíð/ Skaftahlíða. Skipulag og lóðamál
6. Auka félagsstarf og samstarf við Félag eldri borgara Reykjavík
7. Styrkja samstarf samtakanna og Reykjavíkurborgar.
8. Staðið vörð um lagakröfur um skyldur ríkis og sveitarfélaga varðandi eldri borgara.
9. Kópavogstún 2-4 í Kópavogi. Framkvæmdum er lokið
10. Kópavogsgærði 5-7, Framkvæmdir eru hafnar. Lok eftir 20 mánuði
11. Íbúðir í Mosfellsbæ
12. Stofnun Öldungaráðs Reykjavíkur og tilnefna einn mann þar til starfa

Skýrslu formanns stjórnar 2014-2015 er lokið. Ég vona að skýrslan verði leiðar beinandi stýrimanna Samtaka aldraðra í næstu framtíð.

Annáll SA 2007-2015

Skjaldborgar samfélögin eru söm um sitt. Prætubækur norrænna skjaldborga sú sama og óparfi að þýða.

Hvað leiðir að öðru, vantraustið grasserar, þetta er hræðilegt og fjölmiðlar með Moggann minn í broddi eru í djúpum skítamokstri dag eftir dag og ég sjálfur alltof oft. Hvar og hvenær skildu við skrifbeinar og allir aðalleikarar leikhúss fánleikans skynja að nú er nóg... Nú er virkilega orðið nóg af fokking fokk, því lítið er gagn eða gaman af spjallinu þegar aukaatriðin eru aðalatriði, formið orðið að forsendu. Þetta heitir víst að smíða ónothæfa úlfalda úr mýfluggu. Íslendingar hafa og verða ávalt að tefla á tæp vöð, við verðum að stóla á góðar afurðir og vænlega markaði, þessa höfum við alltaf þurft og munum þurfa. En þurfum við endalausar svartnættis spár eins og við skrifbendur spúum frá okkur daglega? Já þetta er bráðnauðsynlegt og er miklu verðmætara en áhyggjurnar hér að ofan sem eru byggðar á samviskubiti viðkvæmra sála hvers tíma og eru einstaklega léttbærar hörnuðum sálum í nútíma fjölmiðlun. eins fram kom hjá fyrrverandi ritstjóra

Mbl. þegar hann staðhæfði m.a. »Ég er búinn að fylgjast með þessu í 50 ár. Þetta er ógeðslegt þjóðfélag, þetta er allt ógeðslegt. Það eru engin prinsipp, það eru engar hugsjónir, það er ekki neitt.

„Ljóðagerendum allra tíma, hefur verið meginmál að vara við lífsháskum“. Almúgann er hægt róa og finnast að heilög gildi séu vel varin, ef biðlistarnir bara minnka“.

Jarðsamband þeirra pólitísku hugsjóna sem helst hafa ráðið Íslandi var rífið upp með rótum að mati Matthíasar skálds og Morgunblaðsritstjóra með tilvísun til uppgjors hans og skáldsins frá Kötlum við pólitíska bernsku þeirra í bók Matthíasar »Vígvoöllur siðmenningar« sem sýnir að skáldið titrar milli steins og sleggju og þykir sárt að þurfa að yrkja nú sem Jóhannes úr Kötlum.

En nú erum við miklum fleiri en tveir sem titrum milli steins og sleggju, sárir og hörmum slegnir af stjórnsýslu sem traðkar niður hugsjónir okkar frá yngri árum um hlutverk ríkis og byggða. Við eldri skiljum ekki t.d. að óreiða »hægri« stjórnvalda eigi að valda eignarnámi »vinstri« stjórnvalda í eignum okkar og skerðingu á áunnum bótarétti frá tryggingarsjóðum eftir að okkar kynslóðir hafa skilað landinu ríku af allskonar gæðum og verkfærum til að viðhalda auði auðlinda til öryggis um alla framtíð.

„Svo að askurinn sjálfur verði aldrei tæmdur og fuglar geti sungið fyrir komandi kynslóðir“, eins og Matthías vildi að raunin væri.

Skammhleypst stjórnvöld slá enn upp skjaldborg um fjármálastofnanir, brask og svipað bruðl í opinbera bákninu sem áður, með því að virkja okkur nytsama sakleysingjana fáum við gjaldstofna með nýjum gerðum jarðsambandslausra þjónustugjalda hugmyndalausra stjórnvalda, sveitarfélaga og banka. Þetta er rán og ekkert annað.

Rúmlega 20 milljarða aukaskatti á lífeyrisþega frá 1. júlí 2009, álöögðum af vinstri skjaldborginni, hefur t.d. enn ekki verið skilað þrátt fyrir að vera í eðli sínu skyldusparnaður en ekki skattur.

Ludvik Holberg kvað;

*Með orðum vega yfirvöld,
En ekkert sjálfir megna.
Eitt er: um sjúkort orða fjöld
Og annað: skipstjórn gegna.
Í blaða og funda gargansgríð
Menn geta fjölmargt sannað.
En til að stjórna landi og lýð
þarf langtum meira og – annað.*

(Sennilega þýddi Hannes Hafsteinn þetta seinnihluta átjánda aldar. Kvæðið er í ljóðabók hans.)

Við verðum víst fyrst og síðast að stóla á okkur sjálf en það höfum við alltaf þurft og munum áfram þurfa. Auðvita eru - púkarnir á fjósbitanum margir og vissulega er erfitt fyrir okkur að kveða fólín niður en það verður víst að leyfa þeim að vera þar, því ekki standa þeir undir þungum birgðum. Við þökkum hinsvegar forsjóninni fyrir að hafa átt djarfa frumkvöðla, og því að við búum Ísland, við búum við verðmæti og við eigum öryggi.

Jóhannes úr Kötlum lætur landið fá mál við slíkar aðstæður og segir;

*Og ég reis upp úr rúst þeirrar ráðlausu borgar, er féll.
Og hin dagelska sól skein á dauðblakka þúst og brá
dýrðlegum roða yfir fell.
Og ég gekk upp á hæðina hljóður og sæll, mér var horfin öll
iðrun og sorg, og sem herra míns lífs, en ei hégómans þræll,
lagði ég hornstein að annarri borg.*

En hafið líka í huga að við vorum dæmd til að þurfa að streita í sveita okkar andlits í náttúrunni og með erfiði af henni að nærast alla okkar erfiðu líf daga samkv. fyrstu Móses bók, því er ekki hægt að breyta, síst af öllu hér á Íslandi. Því miður. Það hefur verið sársaukafullt fyrir mig, sem allt frá barnæsku hefur séð og sannfærst um að í þjóðfélagi sem stjórnad er í anda jafnaðarstefnu séu mest og best lífsgæði, að finna en að búa og berjast við „heimskunnar valdi“ einkavæðingar og frjálshyggjunnar á öllum tímum gefur lífinu neikvæðan gildisauka.

Vigdís forseti sagði að 100 ár þyrfti til að afla sér borgaralegra menningar en lærdómsferil okkar væri aðeins 67 ár og meðal ríkjandi meinsemda væri umræðuformið í pólitískri umræðu sem Kiljan kallaði þrætubók.

Ekki virðist ástandið betra í Danmörkinni minni, ég reyni ekki að þýða þetta því danskan er okkar annað móðurmál

Det er ikke så nemt at skabe en fælles forståelse for de opgaver, det danske samfund står over for i de kommende 10 år. Der er ingen problemer som stigende underskud o.l., der truer lige uden for vinduerne - synlige for enhver. Alvoren bag den ændrede sammensætning af befolkningen afvises fortørnet af pensionister, der ikke vil kaldes "en ældrebyrde". De unge vil ikke betale efterløn til arbejdsføre 60-årige, der spiller golf. Men de samme unge mener sig i deres gode ret til at give sig god tid med deres uddannelse, zappe lidt ind og ud af uddannelsessystemet eller rejse jorden rundt, før de bestemmer sig for at tage fat i produktionen af de værdier, der skal finansiere samfundets fælles goder. Og eftersom det i stigende grad er politisk showmanship, der tæller i den brede offentlighed, bliver det kun til ret sølle diskussioner om velfærdssamfundets mål og midler. Borgerne kunne forledes til at tro, at den hellige grav var vel forvaret, hvis blot ventelisterne kunne bringes lidt ned.

Ég þýddi þetta samt vegna óska þar um

Í umræðu um vantraust milli aldursflokka segir í danskri umræðu um þessar mundir. „Það er ekki auðvelt að skapa sameiginlegan skilning á þeim verkefnum sem liggja fyrir dönsku samfélag næstu 10 ár. Það er aftur og enn aukin halli og þess háttar verkefni sem eru á næstu grösum, eins - og allir vita. Alvaralegast er að hin breytta samsetning af þegnum samfélagsins er að hinir öldruðu, eru móðgaðir og sárir og afneita með öllu að vera byrgði á samfélaginu. Og að þeir yngri vilja ekki greiða eftirlaun öldruðum sem en hafa vinnugetu og geta spilað Golf. En þeir sömu ungu telja það rétt sinn að gefa sér langan tíma að mennta sig, fara frá einni grein til annarra í menntakerfinu eða fara kynningar

ferðir um heimsbyggðina, áður en þeir fara að taka þátt framleiðslu verðmætra afurða heima fyrir, sem fjármagna samfélagsgæðin og rétta við hallann. Þar sem það eru pólitískir þykjustuleikir stjórn mála sem mest og best telja hjá almenningi, verður umræðan um velferðarmál samfélagsins, drulluskítug. Borgurunum er sama um heilaga eidda eða annað, ef biðlistarnir eru bara stuttir“. Það virðist því ekki hægt að búa við pólitíska frasa lengur, um heimóttarskap okkar á skerinu. Já Frú Vigdís forseti, „kartöflurnar eru víst allstaðar soðnar í vatni“ eins og Þýska máltækið segir.

Ekki var ástandið betra í Svíþjóðinni minni, ég reyni ekki að þýða þetta því sænskan er okkar þriðja móðurmál...En þýddi pínulítið samt.

Því við þurfum líka að fá að kynnast rannsóknarniðurstöðu af pólitískum áhrifamætti sænskra gamlingja í stjórn málum Svíþjóðar og árangurinn af því starfi..

Sem fram kemur í rannsókn David Feltenius. er áhrifamátturinn aldraðra að aukast svo um munar við nýskipan velferðarmála aldraðra í Svíþjóð. En rannsóknin segir frá góðum árangri í velferðarmálum eldri borgara í Svíþjóð, vegna aukins pólitísku samræðustyrks þeirra tveggja eftirlaunafélaga sem starfa að þeim málum þar í landi. David Feltenius sendi frá sér ritgerð um efnið í nóvember 2008 við Háskólans í Umeå og samhverfa hefur verið í þróun þessara mál hingað til.

Það er einkum tvennt sem skapar þessa jákvæðu viðbrögð sænskra stjórnvalda þar er fyrst að nefna störf Öldungaráðs sérfræðinga í Félagsmálaráðuneytinu, og akademískra sérfræðinga í nefndum félaganna tveggja og að sænskir stjórn málaflokkar eru í viðbragðstöðu vegna fjölgunar aldraðra.

Aldraðir eru orðnir „magtfaktorar“ í sænskri pólitík og þar með fengið bros og aukna hlutdeild í tannlækna og augnlækna kostnaði. Og húsnæðisstyrkir hafa verið auknir og fleira gott í poka.

Sænska útgáfan. Forskning om påverkan

Pensionärernas organisationer utgör en maktfaktor i svensk politik. Det visade David Feltenius i den avhandling i statsvetenskap som han la fram i november 2004 vid Umeå universitet. Feltenius har studerat landets två största pensionärsorganisationer, Pensionärernas Riksorganisation, PRO, och Sveriges Pensionärsförbund, SPF, och deras agerande i syfte att påverka politiken. Undersökningen, som omfattar perioden 1990 och framåt, visar att pensionärsorganisationerna på central nivå haft möjligheter att föra fram sina krav till regeringen genom en särskild kommitté på Socialdepartementet – den s.k. Pensionärskommittén. Flera av de krav som förts fram av

pensionärsorganisationerna inom ramen för kommittén har dessutom tillgodosetts av regeringen. De krav som tillgodosetts har handlat om en statligt reglerad maxtaxa och förbehållsbelopp inom äldreomsorgen, ett förstärkt tandvårdsstöd åt äldre, förbättringar av bostadstillägget, en återgång till tidigare beräkningsgrunder för pensionerna samt en viss kompensation till delar av pensionärskollektivet för pensionernas försämrade värdeutveckling under 1990-talet. Organisationernas inflytande förklaras i avhandlingen med att de har tillgång till anställd expertis för att kunna bereda sina krav, att de representerar en viktig väljargrupp för de politiska partierna samt att de får uppmärksamhet för sina krav i massmedia.

Sú leið sem Svíar hafa farið í velferðar vakt sinni er mjög athygliverð og lærdómur til handa og hugsjóna, er að gagnkvæm virðingin þurfi milli aðila í velferðarumræðu um öldrunarmál.

Þess vegna sendum við eftirfarandi ályktun til Landsambands eldri borgara í haustið 2009.

Erna Fríða og Erling Garðar.

Engin svör eða viðbrögð höfum við fengið. Og það er verulega ámælisvert að sá aðili sem stjórnvöld leita til um umsagnir um stjórnvalds aðgerðir sem bitna sérstaklega á gamlingjanna, skjólstæðingana LEB, megi ekki vera að íhuga heima fyrir aðferðafræði Svía í samræðu við og ábendingum um hvernig sé staðið að öflugri og jákvæðri velferðarvakt með stjórnvöldum. Í stað þess að þykjast, er nú komið að krefjast vinnubragða nútíma menningarstigs.

Sérstaklega líka vegna þess að Svíar voru brauðið og vatnið við stofnun Landssambandsins. Kannski væri rétt að LEB fái eina Svíþjóðar ferð í viðbót til að átta sig á staðreyndum.
„Til ábendingar:

Til stjórnar Landsambands eldri borgara.
Langholtsveg 111.
104 Reykjavík.
Virðuleg stjórn LEB!. 16.09.2009.

Samtök aldraðra leyfa sér að senda eftirfarandi tillögu til íhugunar og umsagnar stjórnar LEB.
Með virðingu Erling Garðar Jónasson formaður stjórnar Sa. Þann 14.09.2009. var samþykkt eftirfarandi tillaga á stjórnarfundum Samtaka aldraðra.

Stjórn Samtaka aldraðra samþykkir að leita samstarfs við Landsamband eldri borgara um sameiginlegt átak til að efla samræðu styrk samtakanna við stjórnvöld

ríkistjórnar og sveitarstjórna vegna ítrekaðra skerðinga lögbundinna réttinda á liðnum árum og þá sérstaklega á síðustu mánuðum. Samtök aldraðra vilja beina þeim óskum til forsætisráðherra og annarra ráðherra í núverandi ríkisstjórn, að hafa í frammi breiða og opna samræðu með fjöldahreyfingum eldri borgara ef nauðsynlegar eru aðgerðir sem eru á gráum svæðum laga og hefðar.

Greinargerð:

Stofna þarf sameiginlegt teymi samtaka eldri borgara til velferðarvaktar fyrir aldraðra. Velferðavakt aldraðra yrði teymi 6-8 valinkunnra fræðimanna á lífeyrisaldri á sviði lögfræði, fjármála og félagsfræða. Vegna síns trúverðugleika yrði verkefni Velferðarvaktar er að skapa öflugan efnislegan og siðrænan grundvöll til samskipta samtaka eldri borgara við stjórnvöld, og standa vörð um öll afkomu mál sem varða eldri borgara í sátt við samfélagið og heildarhagsmunum þess. Ljóst er öldruðum sem öðrum Íslendingum að þeir manngerðu erfileikar sem blasa við þjóðinni þarfnast viðbragða stjórnvalda bæði í rekstri og efnahag. En af reynslu liðinna ára er ljóst að fast er orðið í hefðum stjórnvalda að ráðast fyrst í sparnað á tryggingarbótum til öryrkja og aldraðra og eða íþyngjandi breytingum á skattamálum þeirra, þegar tilhliðranir hafa verið gerðar í fjárlögum og áætlunum vegna óvæntra útgjalda. Þetta hefur gerst þótt vel hafi árað í efnahagsmálum. Sparnaðar ráðstafanir í ónýtu almenna tryggingarkerfinu eru auðveldar fyrir stjórnvöld, því það er starfrækt sem samskonar ölmusukerfi og ómagakerfið á mótunartíma hreppakerfisins skömmu eftir landnám.

Verulegar skerðingar hafa verið gerðar tvisvar á þessu ári. Það er því er nauðsynlegt fyrir aldraða að hafa uppi öfluga vakt um sína lögbundnu og hefðbundnu hagsmunum sem reynslan hefur sýnt að stjórnvöld hafi alltof greiða leið til að breyta og brjóta án fyrirvara eða með sýndarviðræðum á elleftu stund.

Hvernig tókst ganga ritstjórans á grýtum vegleysum öldrunarmála og hvernig hefur gengið?

Svar mitt við spurningunni er að gangan hafi gengið mjög illa á mesta grjótinu og áfangar ætluðu aldrei til enda að nást, allt að fjórum sinnum lengra en áætlað var, úfff.

Bróðir minn Jón Aðalsteinn var maður nokkuð sérstakur, sem meðal annars kom fram í eindæma þrautseigju hans að við að ná sínum settu markmiðum.

Þetta þurfti ég að þola svo oft sem litli bróðir, svo enn er ég áttæður að slíta loforða band okkar á milli. Sennilega er það síðasta bandið sem við bundum og kannski var það að minni hálfu það vitlausasta samþykki sem ég hef gefið og þá

hugsað til þeirra markmiða sem áttu hug minn allan 2007. Ég var á leið til að mæra mág minn sjötugan í veislu hans, bróðir hafði þrúspurt mig áður hvort ég gæti hugsað mér að taka sæti í stjórn Samtaka aldraðra, nei og aftur nei fékk hann við borðið okkar áður en ég gekk til pontu. Hann snaraðist á eftir mér og spurði enn og aftur og þrúspurði og fékk lokasvarið, „já sem meðstjórnandi og ekki meir“ Ég frétti til Canarí. Hálfum mánuði síðar að ég hefði verið kosinn varaformaður.

Fljótlega var ég búin að taka við formannstöðunni og læstur inni verkefnabanka sem erfitt er að brjótask út úr, eins auðvelt það er að brjótask þar inn og fyrr en varði varð ég fyrir áfalli þegar mér varð ljóst að staða velferðarmála aldraðs fólks á Íslandi var miklu lakari en ég hafði haldið og alvara þessara mála væri þyngr en með tárum hyrfi.

Málefnið heltaka svo að manni verkjar undan svo að oft hef ég horft til annarra átta þegar vindhögginn voru orðin of mörg í samskiptum við umhverfið sem öldruðum er boðið upp á Íslandinu góða, svo nú er að því komið að skipta um skútu.. Sá pólitíska ómöguleik sem ég sá að ríkti í málefnum aldraðra má skilgreina sem list hins ómögulega.

Fyrir marga eldri borgara virtist næsta ómögulegt að eiga fé til framfærslu.

- Það væri næsta ómögulegt að eiga fyrir lyfjum.
- Það væri næsta ómögulegt að eiga sparifé vegna margsköttunar.
- Það væri næsta ómögulegt að vera vinnufús eldri borgari
- Það væri næsta ómögulegt fyrir eldri borgara að eiga fyrir þjónustugjöldum sveitarfélaganna.
- Það væri næsta ómögulegt að fá pláss á dvalar- eða hjúkrunarheimili fyrir eldri borgara.

Skerðingar á áunnum bótum og allskonar þjónustugjöld er ekkert annað en tvískattlagning sem væri andstæð meginreglum samfélagsins og verður ekki skilgreind annað en gróf misbeiting valds til eignarnáms.

Þolinmæði væri líka að verða ómöguleiki fyrir eldri borgara þessa lands, sem náð höfðu líkum þroska í árum mælt og fyrrverandi ritstjóri Mbl. þegar hann staðhæfði m.a. »Ég er búinn að fylgjast með þessu í 50 ár. Þetta er ógeðslegt þjóðfélag, þetta er allt ógeðslegt. Það eru engin prinsipp, það eru engar hugsjónir, það er ekki neitt.« Já, ég í minni einfaldni og föðurlandsást varð sífellt í upphafi míns formannsferils var við það sama að þykjustuleikir stjórnsmála hefðu ekki jarðsamband við einhver prinsipp eða siðferði, en spurði og spurði sjálfan mig og annan, hvort rétt væri, en

varð hvað eftir annað kjaftstopp er í ljós kom að sannleikur ritstjórans var líka sannleikur okkar hinna.

Kjaftstoppssvörin voru oftast þau að nýir vendir sópi ekki best og um leið og menn skildu að meira en einn sannleikur er til. Það væri nefnilega ekki bara til svart og hvítt, heldur líka ekki neitt. Tvenndarkenningin fengi hér ekki staðist.

Sennilega má vera að sannleikur virðulegu sjálfstæðisfrúarinnar frá Eskifirði væri „góður“ sannleikur. En hún var ásamt mér og Sigurði Blöndal skógræktarmanni í viðtalsþætti í ríkisútvarpinu frá Egilsstöðum fyrir margt löngu, þar sem spurningin var hvað væri hægt að gera fyrir gamla fólkið til bóta á ævkvöldi. Svöruðum við Sigurður báðir með „ungmennafélagshætti“ og sögðum að bótaskrefin væru einföld en ekki nægilega mörg, af þó nokkrum sannfæringarkrafti, en frúin sagði og sleit þar með frekari umræðu um málið: „Við skulum láta gamla fólkið í friði“.

Skiljanlegt svar því reyndu fólki er ljóst að langar þrætu-bækur valda aðeins brestum í sálarkytru okkar nytsamra sakleysingja og enda oftast í mjög alvarlegu þunglyndi. En mér þó orðið ljóst að það er nytsamur sannleikur að framsýnt fólk stofnuðu Samtök aldraðra fyrir 42 árum og gerðu þar með hagsmuni eldri borgara í víðasta skilningi að verkefni sínu. Verkefni þá, eins og reyndar nú, til að bæta kjör og aðbúnað aldraðra voru óþrjúttandi og það var ómetanlegt að hafa þá í stafni öflugt forystufólk sem stofnendur Samtaka aldraðra sannarlega voru.

Þá er rétt að hafa í huga, út af síbreytilegum aðstæðum efnahags mála, að síldin hvarf 1967 og þjóðin upplifði þá og næstu ár á eftir, dýpstu efnahagslægd nútímans, þegar 40% hrun varð á útflutningstekjum. Borð fyrir báru náðist þó á öðru ári áttunda áratugarins og þjóðin leit björtum augum til nýsköpunar á öllum sviðum. Skuttogarátíminn hófst, stór verkefni í iðnaði, stórvirkjanir og stóriðja.

Þá varð mönnum líka endanlega ljóst að bjóða yrði eldri borgurum upp á búsetukosti og líffryggingar sem hæfðu þörfum þeirra og ekki síst sjálfsvirðingu á ævkvöldi. Þetta allt voru ástæður þess að Samtök aldraðra voru stofnuð.

Elliheimilisformið, með sviptingu sjálfstæðis og sjálfræðis, eða verða hornreka og íþyngjandi á heimilum barna sinna var ekki lengur bjóðandi eldri borgurum ríkrar þjóðar.

Félagslegir lífeyrissjóðir fæddust hver af öðrum sem betur fer. Straumhvörf höfðu orðið þegar Dvalarheimili aldraðra sjómanna, Hrafnista, tók til starfa á sjómannadaginn 2. júní 1957 í Reykjavík. Heimilið var byggt fyrir forgöngu

stéttarfélag sjómanna í Reykjavík og Hafnarfirði. Ákvörðun um verkefnið var tekin 1939, tók því 18 ár að skila því verki. Tuttugu árum síðar tók heimili Hrafnistu í Hafnarfirði til starfa.

Auðvita leiddi þessi nýsköpun af sér kröfur um nýjar leiðir til að tryggja öflugt bakland þeirra hjá DAS og Grund í Reykjavík og um allt land til að bæta um betur í velferðarmálum eldri Íslendinga. Styrktarfélag aldraðra var stofnað í Hafnarfirði sem leiddi af sér stofnum annarra slíkra félaga um allt land. Öldrunarstofnunin Sólvangur var byggð á þessum tíma með drjúgri aðstoð í formi lána frá Sjómannadagsráði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

Gleymum þó ekki þrekvirki. Séra Sigurbjörns Gíslasonar að hafa stofnað og náð að byggja glæsilegt húsnæði Grundar á undra skömmum tíma nokkuð mörgum árum áður og síðan þá rekið þar öflugasta elliheimili landsins.

Í Lögum um málefni aldraðra nr. 125, 31. desember 1999, segir í 1. gr. Markmið þessara laga er að aldraðir eigi vöð á þeirri heilbrigðis- og félagslegu þjónustu sem þeir þurfa á að halda og að hún sé veitt á því þjónustustigi sem er eðlilegast miðað við þörf og ástand hins aldraða.

Markmið laganna er einnig að aldraðir geti, eins lengi og unnt er, búið við eðlilegt heimilislíf en að jafnframt sé tryggð nauðsynleg stofnanapjónusta þegar hennar er þörf. Við framkvæmd laganna skal þess gætt að aldraðir njóti jafnréttis á við aðra þjóðfélagsþegna og að sjálfsvörðunarréttur þeirra sé virtur.

Á löggjöfinni má greinilega sjá afleiðingar þess að þjóðin var komin út úr moldarkofunum og hafði svona í flestu tilvikum hollan mat að borða. Og einnig og kannski bara rétt sett í röðina og í samhengi, að hafa fengið aðgang að fyrsta flokks heilbrigðis þjónustu. Allt þetta hafði leit af sér fjölgun þjóðarinnar og auknar kröfur um aukin lífsgæði og þar með fjölgar þeim enn sem gamlir verða.

Við verðum að horfast í augu við, að þetta er staðan og forðast ekki þá staðreynd, eins og kettir heitan graut, að tala aldraðra tvöfaldast á næstu 30 árum og að menn verða gamlir og lúnir í lífsstritinu. og geta sumir hverjir þá ekki lengur búið að sínu og verið með sínum og þurfa því vistast á hjúkrunarheimilum eða öðrum sjúkrastofnunum. Samkvæmt mati Samtaka aldraðra leiðir sameiginlegt markmið laganna og Samtaka aldraðra til mikils sparnaðar fyrir velferðakerfi ríkisins eins og reynslan hefur kennt frændum okkar Svíum, sem eftir þann lærdóm hafa stór eftir heimilisfestu, heimaþjónustu og heimahjúkrun. En það þarf ekki að fara

mörgum orðum um efndir þeirra hugmynda sem lögin marka. Það eru grjótharðar staðreyndir að hreint „gjaldprot“ sé og hafi verið í uppbyggingu hjúkrunarvistar með einsetnum rýmum og í að leggja niður margþýli í eldri hjúkrunarrýmum á höfuðborgarsvæðinu á liðnum árum og er enn. Dvalar-, dagvistunar- og þjónustuheimili fyrir aldraða að frumkvæði borgarinnar hafa ekki verið ofarlega í forgangs röð, og ríkisvaldið hefur þar slakt frumkvæði. Rétt er þó að undirstrika og ná lífsgleðinni á strik hvað allt þetta varðar, að lokið er byggingu hjúkrunarheimilis í Mörkinni níu árum eftir að lóðinni var úthlutað.

Um áramótin 2009-2010 yfirtók Reykjavíkurborg frá ríki, hjúkrunarþjónustu í heimahúsum. Hjúkrunarþjónustan og heimilisþjónusta sameinuð eiga renna enn betri stöðum undir búsetuskilyrði á eigin heimili við hóflegan kostnað fyrir almenna tryggingarkerfið og samfélagið.

Veruleiki öldrunarmála var herðandi skóli fyrir nýgræðing í málaflokknum. Sem vissi ekki hvað biði á næsta eða þar næstu árum. Dvalarheimili voru að hverfa og yrðu ekki í boði og vistunarmatsnefndir myndu hafa þröngt svigrúm til að skaffa vistunarrými til líknar ef á þyrfti að halda. Landspítali vælir endalaust um að það sé ekki þeirra hlutverk að veita öldruðum líkn, en með tilvísun á almennt siðferði og mannréttindi að hlutverk Landspítala er að veita öllum Landsmönnum sjúkráhusvist og líkn sem því fylgir, „öllum landsmönnum“ Síðan má taka undir með Jóhannesi Katlaskaldi um slíkar blindgötur líf skjara aldraðra:

*Verklaus – félaus örðugt er að hjara.
Ölmusurnar lítið þó betur fara.
Ströng og Guðhrædd leiðsögn lýðsins kjara
Lögmál hinnar réttu trúar kann.
Fyrsta boðorð; þegar þarf að spara,
þá skal ráðist fyrst á öreigann.*

Ég tel af ýmsum ástæðum sé fróðlegt fyrir félagi í Samtökum aldraðra að kynnast hugsjónum þeim sem bærðumst um í brjóstum þeirra sem urðu fyrst varir við það einelti og afskiptaleysi sem einkennt hefur stjórnmálamenningu Íslendinga síðustu 20 ár eða svo.

Staðan nú virðist vera sú sama og var um 1970?

Við söguskoðun rakst ég fyrir tilviljun á hugvekju gamlingjans í tímaritinu Samvinnunni 2.tbl. 1974 eftir reyndustu mannþjóðarinnar í öldrunarmálum þá og mér finnst frásagnir þeirra vera nytsöm og sennilega mesti og besti sannleikur um stöðu öldrunarmála fyrr og nú og þó skrytið sé, en um leið huggun í harmleiknum endalaus.

Ég tel að sannleikur Gísla Sigurbjörnssonar megi aldrei liggja um kyrrt í umræðunni. Við skulum hafa það í huga í öllum okkar samtölum um málið.

Gísli Sigurbjörnsson Grundar og ellileiðtogi Reykvíkinga um lengri tíma skrifaði í grein í Mbl. í mars 1973 og sagði meðal annars;

„Nýlega hafa tveir yfirlæknar sjúkrahúsa í Reykjavík, dr. Friðrik Einarsson yfirlæknir í Borgarsjúkrahúsinu og dr. Bjarni Jónsson yfirlæknir Landakotsspítala, skrifað um þau miklu vandræði, sem eru vegna vöntunar á hjúkrunarplássi fyrir aldrað, lasburða og sjúkt fólk. Báðir þessir yfirlæknar þekkja gjörla hvernig málin standa. Ber að þakka þeim greinarnar, sem verða vonandi til þess, að farið verður að sinna þessum málum betur en gert hefur verið. Annars er ég vondaufur um að nokkur breyting verði á þessu næstu árin. Ástæðan er sú, að menn vilja almennt ekkert vera að því að hugsa mikið um framtíðina – hvað þá ellina – hún er svo óralangt í burtu – og þegar þar að kemur, þá eru þeir færir í flestan sjó að sjá um sig og sína. – Hvað verður um hann Jón? – þá varðar ekkert um hann Jón. – Þannig hefur þetta verið í áratugi og verður enn – óefað. – Ungu fólkíð skilur ekki vandræðin – stjórnámálamegnir telja flestir í atkvæðum og þeir gefa meira fyrir unga fólkíð – ennþá“.

Já greinin heitir „Ofaukið“ og efnið er hve ofaukin gamlinginn er í þjóðfélagi sem hann byggði upp, þróaði og þroskaði, en var sinnulaus um sína eigin framtíð þegar hann eða, einkum og sérstaklega hún, hefur sína vegferð sem eldri borgari um völundarkróka aldraðra í samfélagi okkar. En er staða þessa hluta öldrunarumhyggju sem Gísli bar fyrir brjósti sú sama nú 2013 og var 1973? Ég tel svo vera, því nú skortir rúmlega 400 hjúkrunarrými á á landinu öllu, þrátt fyrir að dvalarheimilisvistun hafi verið lögð niður.

Gísli heldur áfram og skrifar; „En þrátt fyrir öll blaðaskrif, fundahöld og félög, þá er komið í algjört óefni fyrir fjölda manns, sem þarf húsaskjól, hjúkrun og aðhlyningu ævkvöldið. Ósanngjarnt væri, að kenna forráðamönnum þetta eingöngu. Fyrst og fremst er þetta fólkinu sjálfu að kenna. Hver hugsar um sig og telur sig geta séð um sig og sína þegar þar að kemur. En svo breytist þetta“.

„ Engin pláss á lausu víðast hvar um landið, björgunaraðgerðir eru hreppaflutningar í laus pláss“. Hugvekja Gísla hefur því ekki verið grandað af tímans tönn eða reynslu þeirra sem voru sporgöngumenn um að bættu velferð hinna eldri.

Það þýðir að fulltrúar eldra fólks öldrunar umræðunni verða að nýta gagnrýni Gísla á jákvæðan hátt og gera hana að beittu verkfæri. Alvarlegast í velferðarbaráttunni aldraðir sakaðir um að vera þiggjendur „forsorgar“ og meira segja vera kostnaðarberar unga fólksins í samfélaginu sem þarf

aukin fæðingarorlof og námsstyrki. Við sem erum að verða gömul eða erum það, höfum fyrir löngu greitt umsýslukostnað okkar og erum fyrir löngu byrjuð að greiða fyrir þá sem á eftir koma. En það sem er huggun harmi gegn og gleður mikið gömul og jafnvel viðgerð hjörta, að nú orðið kýrskýrt, er að við eldri borgarar erum búnir að greiða okkar umsýslukostnað og eykur baráttukraft okkar. Látum því ekki bugast þó við verðum sjálf að takast á okkar á milli. Þótt kynslóðabilið sé 30- 40 ár verðum við öll að skilja að engum sé ofaukið í samfélagi okkar.



Þrjátíu ára aldursbilið.

Hér og nú er ekki staður né stund til að nefna margar tölur, en margir sjúkir aldraðir greiða um 400 þúsund krónur í dvalargjöld á mánuði. En kostnaður á rými er um milljón krónur á mánuði. Stofnkostnaður rýma er rúmleg 33 milljónir króna. Á næstu áratugum þarf að byggja 3000 rými sem kosta um 100 milljarða króna, samkvæmt 75m² rýmiskröfum, sé rýmiskrafan lækkuð í 45m², kostar uppbyggingin 50 milljarða króna. Ofgnóttar stefna má ekki leiða okkur í öngstræti og skort.

Til minnis fyrir þá sem ekki vilja muna, er vestur-álma Borgarspítala byggð fyrir fjármagn úr Framkvæmdasjóði aldraðra.

Verðmæti þess húss er vart undir 4. miljörðum króna, og ekki vantar svalirnar til þess að gamlingjarnir geti sólað sig. Okkur sárlega vantar þetta hús fyrir rúmlega 150 aldraða og sjúka höfuðborgar búa.

Að lokum þetta, Landspítalafólk á að muna og skilja að öldungurinn hefur sömu réttindi og aðrir þjóðfélagsþegnar og hætta þessu meiðandi röfli um að aldraðir séu fyrirstaða á vitrænum rekstri Landspítalans, ef einhver er vandinn er hann í sjálfinu þeirra.



Frá vinstri: Páll, Ingvar, Valur, Ingólfur, Erling og sitjandi eru Frúnar Erna Fríða og Dóra. Stjórn 2014, á myndina vantar Sigurð Ámundarson

Eftirfarandi vísa verður aldrei of oft kveðin

Það er og hefur verið metnaðarmál Samtaka aldraðra að búið sé að eldri borgurum við þær aðstæður og þjónustu sem miðist við einstaklingsbundnar þarfir og best fánleg gæði við sem lægstan kostnað. Þetta sjónarmið er afar mikilvægt því við vitum öll að þarfir þeirra rúmlega 33 þúsund íslendinga sem nú teljast eldri borgarar eru afar mismunandi. Aldraðir eiga að geta valið hvernig þeir vilja haga lífi sínu og starfi. Í eldra fólki býr mannaúður, viska og skapandi kraftur. Samfélagið á að nýta þann auð sem í þekkingu og reynslu þeirra býr og líta á öldrun þjóðar sem auðlind en ekki sem vandamál. Virða þarf sjálfraði eldri borgara við val á þjónustu þegar þeir þurfa á stuðningi samfélagsins að halda. Þetta á ekki síst við um búsetuúrræði, félagslega þjónustu og hjúkrunarþjónustu til að styðja við sjálfstæða búsetu eins lengi og kostur er. Þetta er enn, og verður, metnaðarmál Samtaka aldraðra, í fullu samræmi við tilgang þess í 3. gr. Eftir að forkurinn Páll Gíslason lækni og borgarfulltrúi og duglegir kollegar hans í borgarstjórn töldu allir varðmenn velferðar aldraðra að nýir máttarstólpar borgarinnar tækju við málsvörn öldrunarmála, en því miður varð svo ekki.

Heilög loforð sem verður að standa við:

Viljayfirlýsingin var undirrituð 02.05.2013

Enn ein viljayfirlýsing um að efla þjónustu við aldraða, nokkrum dögum fyrir kosningar 2013 sem aldrei var ætlað að standa við. Vilja hafði einnig verið lýst yfir 2005 að hefja byggingu þjónustusels Reykjavíkurborgar við Sléttuveg 2007. Þykjustuleikur okkar kjörnu fulltrúa er djöfullegir á mannamáli og meiðir eldra fólk illa sem fjárfesti á Sléttueggsvæðinu í ætluðum þjónustuíbúðum. Velferðarráðuneytið og Reykjavíkurborg hafa lýst yfir vilja sínum til að fjölga hjúkrunarrýmum og efla þjónustu við aldraða í Reykjavík á

árunum 2013-2020. Samkomulag þess efnis var undirritað síðustu starfs viku velferðarráðherra 2013, Guðbjartar Hannessonar, Degi B. Eggertssyni staðgengli borgarstjóra og Guðmundi Hallvarðssyni, formanni Sjómannadagsráðs. Í ljósi hlutfallslegrar fjölgunar aldraðra á komandi árum mun þörf fyrir hjúkrunarrými í Reykjavík aukast sem og eftirspurn eftir þjónustu í heimahúsi. Mikilvægt er að undirbúa vel þá uppbyggingu og þjónustu sem nauðsynleg er í málefnum aldraðra í Reykjavík.

Með yfirlýsingunni er lýst yfir vilja til að reisa 88 rýma hjúkrunarheimili við Sléttuveg. Gerður verður samstarfssamningur milli Reykjavíkurborgar, velferðarráðuneytis og Sjómannadagsráðs um starfsemi hjúkrunarheimilisins áður en framkvæmdir hefjast vorið 2014. Reykjavíkurborg og Sjómannadagsráð hafa áður undirritað þjónustusamnings vegna rekstrar þjónustukjarna fyrir eldri borgara við Sléttuveg og leigu á 20 þjónustuíbúðum í þjónustuíbúðakjarna Hrafnistu þar.

Í Seljahlíð hefur verið í gangi tilraunaverkefni á vegum



Frá vinstri: Guðmundur Hallvarðsson, Sjómannadagsráð, Guðbjartur Hannesson þáverandi velferðarráðherra og Dagur B. Eggertsson þáverandi formaður borgarráðs Reykjavíkurborgar.

Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar í samvinnu við Velferðarráðuneytið en í því felst nýr valkostur fyrir aldraða í þjónustu- og búsetumálum. Í stað þess að íbúi flytji á hjúkrunardeild frá þjónustuíbúð koma til greiðslur vegna umönnunar frá ríkinu en þannig mun þjónustan fylgja einstaklingnum og fullt sjálfstæði einstaklinga verður tryggt. Þjónustuíbúð eða nágrenis íbúð getur þannig orðið að hjúkrunarrými ef þörf er á án þess að viðkomandi þurfi að flytja.

Þá felst í yfirlýsingunni að rekin verði dagdeild fyrir heilabílaða í Fróðengi, nýrri þjónustumiðstöð sem Reykjavíkurborg byggir í samvinnu við Eir. Reykjavíkurborg og velferðarráðuneytið lýsa einnig yfir vilja til að fara í samstarf um öflugri heimahjúkrun svo að mögulegt sé

að þjónusta fleiri heima. Reykjavíkurborg tók við rekstri heimahjúkrunar árið 2009 samkvæmt þjónustusamningi við ríki og hefur styrking þjónustunnar gengið vel. Er með auknu samstarfi stefnt að margvíslegri frekari þjónustuefningu til hagsbóta fyrir íbúa í heimahúsum. Samhliða ofangreindu munu Velferðarráðuneytið og Reykjavíkurborg hafa forgöngu um skipan starfshóps sem taki til starfa á árinu með þátttöku háskólasamfélagsins. Starfshópnum er ætlað að meta þjóðfélagsleg áhrif fjölgunar aldraðra og gera tillögur að viðbrögðum, s.s. áætlun um þörf fyrir uppbyggingu hjúkrunarrýma, eflingar þjónustu í heimahúsum, sveigjanlegum dagþjálfunarúrræðum og þjónustuíbúðum/öryggisíbúðum fram til ársins 2020.

Til fróðleiks um framfaravonir

Hverjum mörlanda okkar skildi hafa grunað að upplifa verðbólgu á Íslandi undir 2% tölunni. Ekki átti Seðlabankinn þá „von“ eða aðrir stýrimenn þjóðarskútunnar. En gleði og bjartsýni eftir gleðifregningu á hverju götuhorni sem stýrimen hittu kjósendur sem höfðu von og „vissu“ um að geta séð fyrir að nú yrðu ekki lengur andvöku nætur vegna kaffiverðs hækkana í Brasilíu.

Og kvíðakrankleiki þjóðarinnar er nú að nálgast hámark enn á ný. Fokkan er farin að kastast til eftir undiröldunni en ekki aðsteðjandi vindum og það virðist ekkert vera að gert á lekri þjóðarskútunni, aðeins tappað í nokkur elítugöt með stórum hluta hampforðans svo lítið er eftir fyrir stórar rifur á þilfari undir fótum átta-villtra og ráðalausra skipstjóra og stýrimanna hans og þá um leið hjásetuliðið. Og nú að venju er byrjað að tjörubera gamla hampinn og hóta skvettum á hásetann að venju.

Já, þúkarnir á fjósbitanum eru margir, en það sem verst er og um leið ástæða þessara skrifa, er sú augljósa staðreynd að vegna upplýsingastefnu stjórnvalda virðist sem engin viðleitni finnist hjá ríkisstjórn minna ástkæru stýrimanna, þessara mætustu manna og kvenna okkar litla þjóðfélags til að axla sína pólitísku ábyrgð og taka að sér að breyta þessu rugli, þessu skrípi, sem heitir efnahagsstefna íslenska ríkisins.

Af hverju ekki verðstöðvun á opinbera geirann?, eins og 1988, sem hluta nauðsynlegrar þjóðarsáttar sem auðvitað er nauðsynlegt að náist nú eins og þá. Öll þjónustugjöld sveitarfélaga, ríkis og banka hafa annað tveggja, stórhækkað eða ný orðin til. Er það kannski vegna hræðslunnar við að

– hjásetarnir, – atvinnurekendur, verkalyðs hreyfing, banka-valdið og stjórnendur hinna „munaðarlausu“ fyrirtækja ríkisins (þ.e. víst fyrirtæki okkar landsmanna), fara sínu fram og fari sínar leiðir þrátt fyrir að settar væru leikreglur með lögum, og bókstaflega gerðu grín að ríkisstjórninni og settum lögum eins og útrásarvíkingar og einkabankarnir komust á lag með að gera vegna veikleika eftirlitsaðila stjórnvalda á næstliðnum árum.

Já – þúkarnir eru mættir í algjöru algleymsi, voru næsta búnir að rústa sjúkrahúsa kerfið. Innlögn á sjúkrahús, skattar og verðtryggingar tengd gjöld hafa verið hækkuð. Innlendar landbúnaðarvörur hafa hækkað um 30%-40%, því framleiðendur telja sér fært að feta í fótspor landsfeðrana og segja, fyrst að þeir stíga þessi spor, þá fetum við í spor þeirra. Og fólkíð spyr, er virkilega nauðsynlegt að halda hinum almenna launþega, launtakendum lífeyris og lántakendum banka langt fyrir neðan sultarmörk þegar flestir eru þá þegar sveltir til andlegrar og líkamlegrar heljar, fyrir okurvaxta Hrunadans og peningapúkastefnu Ólafslaga.

Já – þúkarnir á fjósbitanum eru margir og vissulega er erfitt fyrir ríkisstjórnina að kveða fólin niður en það verður hún að gera til að standa undir nafni. Ríkisstjórnin hefur vonandi sagnfræðinga innanborðs, en sem betur fer ekki marga hagfræðinga. Skipstjórnin ætti að biðja þá, þ.e. sagnfræðingana, að skoða hvernig Svíar komust efnahagslega sterkust þjóða frá heimskreppunni 1929-1932. Wigfors kenningin segir einfaldlega betra að ríkisjóður framleiði eldspítur sem seljast og veiti atvinnu, en að fylgja kapítalískum óreiðukenningum sem ævinlega fara með lífskilyrði þjóða á ystu nöf með jöfnu millibili.

EGJ.

Heilbrigðismál Fréttabl. 22.04 2015. 0.fl

Úrdráttur þriggja góðra greina þann daginn.

Landspítalinn

Tveir milljarðar í súginn á einu ári 78 eldri borgarar liggja inni á Landspítalanum meðan þeir bíða eftir plássí á hjúkrunarheimili eða heimahjúkrun. Fyrirkomulagið sagt fela í sér sóun. Pláss á spítalanum kosti hundrað þúsund krónur á dag, en á hjúkrunarheimili tuttugu þúsund.

„Það er sóun ef við erum hér að sinna hlutverki hjúkrunarheimilis fyrir allt að hundrað manns í plássum sem kosta nærri 100 þúsund krónur á dag þegar Hrafnista getur gert það sama fyrir 20 þúsund krónur á dag,“ sagði Páll Matthíasson, forstjóri Landspítala, á fundi hjúkrunarráðs í gær þar sem rætt var opinskátt um ýmsar áskoranir sem blasa við Landspítalanum. Á fundinum kom fram að 78 eldri borgarar, sem bíða eftir plássí á hjúkrunarheimili eða heimahjúkrun, eru innliggjandi á spítalanum. Þá var á fundinum rætt hreinskilnislega um rúmanýtingu langt yfir æskilegu viðmiði, álag á starfsfólk, öryggismörk hjúkrunar og bresti í heilbrigðisþjónustu utan Landspítala sem hafa áhrif á þjónustuna.

Öryggisógn

„Það er erfitt fyrir ungan mann sem hefur beðið eftir aðgerð í eitt og hálf ár að skilja að ástæða biðarinnar er ef til vill að aldraður afi hans liggur á gangi 14E. Það stíflar allt okkar kerfi, truflar innkomu á deildir og leiðir á endanum til þess að þessi ungi maður þarf að bíða lengur eftur aðgerð. Truflun á flæði er öryggisógn,“ ítrekaði Páll.

Sífelld fjölgun

Dagbjört Þyrí Þorvarðardóttir, deildarstjóri flæðisdeildar, sagði að þótt að hlutfallslega fleiri sjúklingar kæmust inn á hjúkrunarheimili af spítalanum vegna breyttra reglna um vistunarmat þá dygði það ekki. Sífelld fjölgi þeim sem liggja inni, það þurfi að byggja fleiri hjúkrunarrými.

„Það er alltaf að fjölga í þessum hópi. Núna erum við með 78 einstaklinga með samþykkt vistunarmat sem liggja inni hjá okkur. Það tekur vanalega um tvo til þrjá mánuði fyrir þessa einstaklinga að fá samþykkt mat um að komast á hjúkrunarheimili, og vanalega eru þessir einstaklingar búnir að liggja lengi hjá okkur áður en það ferli hefst. Þegar það losnar hjúkrunarpláss þá er alltaf einhverjum á Landspítalanum boðið plássíð ásamt einhverjum öðrum úti í bæ. Þetta hjálpaði okkur mikið fyrir nokkrum árum og þá voru opnuð ný hjúkrunarheimili sem drógu úr innlögnum. En nú

erum við komin hingað,“ segir Dagbjört og vísar í að hópurinn stækki ört ár frá ári án þess að fyrir liggja aðgerðir af hálfu ríkis og sveitarfélaga til að stemma stigu við vandanum.

Brestir í heimahjúkrun

„Ég veit ekki til þess að það sé neitt á teiknborðinu. Þrátt fyrir að okkar sjúklingar komist í auknum mæli inn á hjúkrunarheimili þá fjölgar samt í þessum hópi. Það er brýnt að finna úrræði fyrir þennan hóp.“

Dagbjört segir bresti í heimahjúkrun einnig leiða til þess að eldri borgarar eru ekki útskrifaðir af spítalanum.

„Það sem við erum að finna fyrir núna er ekki bara að fólk komist ekki á hjúkrunarheimili heldur líka að það kemst ekki heim til sín vegna þess að það fær ekki heimahjúkrun sem skyldi. Það er engin þjónusta um kvöld og helgar í Hafnarfirði og Garðabæ. Það er ekki hægt að útskrifa fólk sem fær ekki þá heimahjúkrun sem það þarf,“ segir Dagbjört og segist einnig hafa orðið vör við bresti í heimahjúkrun í vissum hverfum í Reykjavík. „Það er eitthvað um það að fólk hafi ekki fengið kvöld- og helgarhjúkrun í pósthúsi 104.“

Lífeyrisþörf

Landssamband eldri borgara.

Hvað þurfa eldri borgarar mikinn lífeyri á mánuði til þess að þeir geti lifað með reisin síðasta æviskeið sitt? Um þetta eru menn ekki á eitt sáttir. Hagstofan kannar ekki framfærslukostnað eldri borgara.

En Hagstofan rannsakar reglulega meðaltalsútgjöld heimilanna í landinu til neyslu. Þessi rannsókn er neyslukönnun. Hún var síðast birt í desember 2013. Samkvæmt henni eru meðaltalsútgjöld einhleypinga til neyslu miklu meiri en sá lífeyrir, sem Tryggingastofnun skammtar einhleypum eldri borgurum.

Nánasarlega skammtað

Neyslukönnun Hagstofunnar segir okkur, að sá lífeyrir, sem Tryggingastofnun ríkisins skammtar eldri borgurum, hrekkur hvergi nærri fyrir brýnustu útgjöldum. Einhleypir eldri borgarar, sem einungis hafa tekjur frá Tryggingastofnun, hafa aðeins 192 þúsund krónur í lífeyri á mánuði eftir skatt frá TR. Miðað við neyslukönnun Hagstofunnar vantar 129 þúsund krónur á mánuði til þess að það dugi. Samkvæmt neyslukönnun Hagstofunnar þarf 321 þúsund á mánuði fyrir einhleyping. Það er nánasarlega skammtað til eldri borgara

hjá Tryggingastofnun en að sjálfsögðu bera stjórnvöld ábyrgð á þessari skömmtnun. Það er engin leið fyrir eldri borgara að lifa með reisu á 192 þús. kr. á mánuði. Með þessari skömmtnun er verið að halda kjörum aldraðra niðri. Það verður að stórhækka þessar lífeyrisgreiðslur. Það má byrja á því að fara með lífeyrinn í 300 þúsund krónur á mánuði í áföngum. En síðan þarf lífeyririnn að hækka í 321 þúsund á mánuði í samræmi við neyslukönnun Hagstofunnar.

Misjafn hagur aldraðra

Hagur eldri borgara er mjög misjafn. Hann fer einkum eftir tvennu: Lífeyrissjóði og húsnæðiskostnaði. Það er tiltölulega lítill hópur eldri borgara, sem hefur góðan lífeyrissjóð. Þorri launþega, t.d. ófaglært verkafólk og iðnaðarmenn hafa fremur lágan lífeyri mánaðarlega úr lífeyrissjóði. Og síðan gerist sú ósvinna, að tryggingabætur eru skertar mjög mikið vegna greiðslna úr lífeyrissjóði. Það er eins og eignaupptaka. Þeir eldri borgarar, sem eiga skuld lítið eigið húsnæði eru mun betur settir en þeir aldraðir, sem eiga mjög skuldsett húsnæði eða verða að taka húsnæði á leigu. Húsaleiga í Reykjavík er í dag 140-170 þúsund krónur á mánuði fyrir litla íbúð. Þegar slík leiga hefur verið greidd, er lítið eftir af lífeyrinum frá Tryggingastofnun fyrir öðrum útgjöldum.

125 þús. kr. á mánuði í Noregi

Hvergi á Norðurlöndum er svona naumt skammtað til eldri borgara eins og hér. Þetta er skammarlega lágt hérna. Á Íslandi er grunnlífeyrir 36 þúsund krónur á mánuði. Annars staðar á Norðurlöndunum er grunnlífeyrir miklu hærri og ekki eins miklar skerðingar á tryggingabótum. Í Noregi er grunnlífeyrir 125 þúsund kr. á mánuð fyrir einhleypa eldri borgara. Allir eldri borgarar fá hann séu þeir norskir ríkisborgarar og hafa búið nægilega lengi í Noregi. Þar tíðkast ekki slík hungurlús og hér fyrir aldraða.

Kjaramál í brennidepli—lífeyrir hækki einnig

Það ætti ekki að vekja neina furðu að stéttarfélög geri kröfur um hærri laun og aukinn kaupmátt. Það sem hefur verið að gerast síðustu misserin þegar hálaunahópar hafa verið að bæta kjör sín verulega, getur ekki leitt til annars en að þeir sem telja sig hafa setið eftir geri kröfur um bætt kjör. Að halda því fram að þjóðfélagið fari kollsteypu vegna þess að þeir sem eru á lægstu töxtum fái launahækkun er frekar ótrúverðugt. Ekki er hægt að sjá að það hafi gerst við verulegar launahækkanir annarra. Landssamband eldri borgara tekur heilshugar undir kröfur verkalyðssamtaka um hækkun lágmarkslauna. Það er öllum ljóst að það lifir enginn á þeim lágmarkslaunum sem gilda í dag og það sama má segja um þá sem hafa lítið meira en lífeyri almannatrygginga til að lifa af.

Landssambandið krefst þess að lífeyrir almannatrygginga taki sömu hækkunum og lágmarkslaun sem samið verður um í næstu kjarasamningum. Jafnframt skal á það bent að enn er eftir að leiðrétta 20% kjaragliðnunina árin 2009-2013 sem lífeyrisþegar tóku á sig.

Við teljum að 300.000 kr. lágmarkslaun á þremur árum sé ekki ofviða íslensku atvinnulífi og ekki til þess fallið að ógna þeim stöðugleika sem við viljum varðveita. Það er ekki sanngjarnt að hinir lægst launuðu taki á sig ábyrgð á stöðugleika í verðlagi, en herra launaðir aðilar ekki. Þá er það á allra vitorði að ekki er hægt að framfleyta sér sæmilega á þeim lágmarkslífeyri sem bætur almannatrygginga eru, og jafnvel þó fólk hafi allt að 75.000 kr. í tekjur frá lífeyrissjóði. Því staðan er sú að þær tekjur skerða bara bætur almannatrygginga vegna þeirra tekjutenginga sem gilda. Fólk er því fast í fátæktargildru vegna allra tekjuskerðinganna sem gilda um bætur almannatrygginga. Löngu er tímabært að einfalda kerfi almannatrygginga og draga úr tekjutengingum. Það á ekki síst við um þá sem núna eru á ellilífeyri og hafa ekki haft möguleika til að afla sér mikilla réttinda í lífeyrissjóðum.

Með framfærsluuppþótinni sem sett var á í góðum tilgangi árið 2008 til að hjálpa þeim verst settu í kreppunni, hefur lífeyrissjóðakerfið beðið hnekkji. Því framfærsluuppþóttin skerðist 100% á móti lífeyrissjóðstekjum, þar til hún fellur alveg niður. Fólk hefur lítinn hag af lífeyrissjóðstekjum, fyrr en þær eru komnar yfir 100.000 krónurnar. Aldraðir hafa engan verkfallsrétt en gera þá sjálfsögðu kröfu að þeir fái sömu hækkunir og samið verður um í þessari launadeilu. Þeir hafa unnið og skapað það þjóðfélag sem við búum við og eiga skilið betri kjör.



Gerplustræti 13 Mosfellsbæ í byggingu.

Samtökin og málefni aldraðra

Samtök aldraðra hafa sýnt og sannað að þau höfðu axlað sína ábyrgð í sameiginlegri baráttu eldri borgara fyrir þeirri grundvallarþörf hvers eldri borgara að búa við félagslegt öryggi, við sem minnstan samfélagskostnað, á ævikvöldi. Samtök aldraðra hafa byggt 12 fjölbýlishús, glæsilega staðsett, með 443 sérhönnuðum íbúðum fyrir umgengisþörf eldra fólks, ásamt með sameiginlegum þjónusturýmum til félagslegra athafna.

Það er líka nauðsynlegt að minna á þá staðreynd að tekist hafði flest öllum byggingarframkvæmdum að skila húsum til íbúðar eiganda við það verð sem helst má líkja við kostnað fyrri tíma við byggingu eigin íbúðar, þar sem allt var byggt með eigin hendi. Þannig varð brúttó verð hvers fermetra á Sléttuvegi 19-23, 127,8 þúsund krónur við afhendingu í apríl 2007.

Vandamál tengd neikvæðum efnahag og verbólgu sem Íslendingar þekkja vel urðu á byggingartíma Sléttuvegar 11-13 og síðan Dalbrautar 16. Og nýjasta dæmi um slíkan vanda er bygging húsanna að Sléttuvegi 29-31 nú í síðustu kreppu. Geta má þess að þetta hús var eitt að rísa í RVK. kreppunni. En lausnir fundust og allt fór á besta veg. Allt þetta hefur gerst í góðri samvinnu og mikilli sátt við borgaryfirvöld, sem um leið hafa sýnt skjólstaðingum Samtakanna mikla sanngirni í lóðar og byggingarleyfisgjöldum.

Í Samtökum aldraðra voru 2014 um 3200 félagar, 1500 greiðandi félagar, en 80% af þeim eru á félagskorti hjóna.

Þann 31. mars 2007 voru afhentar samtals 70 íbúðir til eiganda sinna ásamt sameign í húsunum Sléttuvegur 19, 21 og 23.

Ekki náðist samkomulag við Velferðasvið Reykjavíkurborgar um rekstur þjónustusels á neðstu hæð í húsinu. Vegna mikillar eftirspurnar eftir íbúðum fór mikið af starfi stjórnar í að leita lóða og lausna til að mæta aukinni eftirspurn, en tímafrekt reyndist að festa endanlega niður nýja lóð fyrir félagið.

Fram kom að lokum viljayfirlýsing frá Reykjavíkurborg um rúmlega 6000 fermetra lóð að nr. 2931 við Sléttuveg og nr. 2 við Skógarveg. Þar var áætlað að væri hægt að koma fyrir 60 íbúðum. Endanleg staðfesting tafðist af ýmsum ástæðum sem settar voru fram af borgarfulltrúum í Velferðaráði. Borgarráð samþykkti afhendingu lóðarinnar á fundi sínum 10. apríl 2008, með hefðbundnum skilmálum. Fyrir það ber að þakka velvilja Vilhjálmssonar, sem allt

frá upphafi síns ferills í borgarstjórn hefur stutt starfsemi Samtaka aldraðra með ráðum og dáð.

Byggingarnefndin samdi við Guðfinnu Thordarson arkitekt um að hanna húsið. Minniháttar breytingar á deiliskipulagi þurfti til vegna hússins sem skapaði bæði arkitekt og byggingarnefnd töluverða vinnu. Í húsinu eru 58 íbúðir. Nefndin hélt að sér höndum með að hefja verkfræðilega hönnun þar til að lóðarstaðfesting lægi fyrir. Engu að síður hafði byggingarnefnd undirbúið alla framkvæmdarþætti og lagt sínar hugmyndir fyrir stjórn. Þá skilað Landsbanki jákvæðri umsögn um að sjá um fjármögnun með sömu skilmálum og við húsið Sléttuvegur 19-23. Þess var vænst að framkvæmdir gætu hafist síðsumars, þegar lagnavinna og gatnagerð væri lokið á svæðinu. Deiliskipulag svæðisins hafði fengið sína heildarmynd samkvæmt skipulaginu. Meðal annars er gert ráð fyrir að þjónustusel sem þjóna á öllum eldri borgurum á svæðinu, verði í nýju húsi sem Hrafnista mun byggja.

Samkvæmt loforði átti að hefja byggingu Selsins 2007, en framkvæmdir eru ekki enn hafnar. Stjórnmalaleiðtogar Reykjavíkur hafi skömm fyrir að svíkja íbúa á svæðisins, reyndar er nauðsynlegt að kveða enn skýrara að og segja "ljúga gróflega að þessu fólk".

Á svæðinu gætu orðið vel yfir 300 íbúðir fyrir aldraða þegar það er fullbyggt. Áður en byggingarflokkurinn fyrir húsið Sléttuvegur 29, 31 var auglýstur var öllum félögum Samtaka aldraðra send fyrirspurn um áhuga þeirra á þátttöku. Tæplega 450 félagar höfðu áhuga á þátttöku. Þar af sóttu 394 um þátttöku í byggingarflokknum. Næsta verkefni í samstarfi við Reykjavíkurborg var og er að finna lóðir sem best henta næstu áföngum. Einnig var lofað að setja hitalagnir í gangstéttir Sléttuvegar, það er ógert enn, þótt margir öryrkjar og gamlingjar þurfi þar um að ganga m.a. vegna heimsókna í mótuneyti á hálkutímum.



Samningar, kaffi og kleinur.

Úr fundargerðarbók Samtaka aldraðra

eftir að við tók „Ströng og staðföst leiðsögn lýðsins kjara“ í borgarstjórn Reykjavíkur, nýrra sjónarmiða. Þá með Ingibjörgu Sólrúnu sem borgarstýru.

Aðalfundur 3. Apríl 1997

Borgarstjóri Rvk. Ingibjörg Sólrún borgarstjóri, sat fundinn. Skýr staðfesting á að staðan hafði lítið breyst frá 1970. Það sem verra er, það er engu líkara en þessi fundur hefði verið haldin í gær!

Fundarstjóri – Góðir félagar.

Mér finnst á þessum aðalfundi S.A ekki annað hægt en að minnast á hagsmunamál okkar sem á tyllidögum og við betri tækifæri erum nefnd eldri borgarar en annars er notað nafnið ellilífeyrisþegar, eða byggendur og byrði á þjóðfélaginu. Því verður varla á móti mælt að stjórnvöld sem nú eru við völd og við kusum til að fara með stjórn landsins og að sjálfsgöðu standa vörð um og hlúa að hagsmunamálum okkar hefur valdið okkur miklum vonbrigðum. Margar spurningar leita á hugann varðandi vonbrigði okkar svo sem: Halda stjórnvöld að við séum svo kólkuð að við tökum ekki eftir orðum þeirra og gjörðum? Halda stjórnvöld að við fylgjumst ekki með hvernig þeir efna orð sín og loforð.? Halda stjórnvöld að við tökum ekki eftir að þau virða ekki og forðast að minnast á að okkar kynslóð skilaði góðu búi í þeirra hendur og þeir eru jafnvel svo forhertir að þeir kenna okkur um að allar skuldir samfélagsins í dag séu okkar verk og viðskilnaður, en gleyma að líta í eigin barm varðandi það sem skeð hefur undanfarin ár.? Halda stjórnvöld að við tökum ekki eftir eða skiljum ekki hvert hinir yngri stjórnmalamenn í þeirra röðum stefna með hinni ísköldu svonefndri frjálshyggju þar sem gildi fjármagns er ofar öðrum gildum og virðast halda að öll auðæfi og peningaleg eigna sé í eigu eldra fólks og úr þeim brunni megi

ausa fjármunum til sameiginlegra þarfa og til einstakra gæluverkefna þeirra. Halda stjórnvöld að við tökum ekki eftir að eldra fólk er ýtt miskunnarlaust út af vinnumarkaði hvort sem það vill eða ekki, og sama er að segja um allar áhrifa stöður sem við gætum látið rödd okkar heyrast, og talað okkar máli og fylgt þeim eftir, við erum hvergi höfð með í ráðum þrátt fyrir yfirlýsingar bæði frá ríki og borg í þá veru. Halda stjórnvöld að við skiljum ekki að þau vinna ötullega að því að halda kjörum okkar við eða neðan við nauðpurftarmörk. (fátækramörk). Halda stjórnvöld að við finnum ekki fyrir að mjög er hert að okkur í heilbrigðismálum með niðurskurði og aukinni þátttöku í kostnaði við lækniþjónustu og í lyfjakaupum. Ég ætla ekki í þessu erindi mínu að tíunda hvert atriði þess sem stjórnvöld hafa vegið að okkar hagsmunum undanfarin misseri það hefur margt fólk úr okkar röðum gert með miklum myndarbrag bæði í ræðum og riti að undanförunu. Þessum spurningum mínum er velt upp til að minna á að við þurfum að fylgjast vel með okkar hagsmunamálum og vinna að sem breiðastri samstöðu um þau. Munum það kemur ekkert að sjálfu sér, það þarf að berjast að alefli gegn óréttlætinu.

Stjórnvöld hafa lýst því yfir að nú sé góðæri og jafnvel svo kröftuglega að ástæða sé til að bæta kjör fólksins í landinu og er þá mikið sagt.

Eðlilegt er að spyrja, hvar góðærið skilaði sér, er það til okkar. Svárið er einfalt, NEI. Einhverjir sögðu fyrir síðustu alþingiskosningar og skráðu með stórum stöfum FÓLK Í FYRIRRÚMI hvaða fólk er það, getum við tekið það

til okkar, eða erum við ekki í þeirra röðum, því getum við svarað hvert fyrir sig. Hvaða ráð höfum við til að verja hagsmunir okkar, þau eru fá en eitt vopn höfum við og því eigum við að halda hátt á lofti og nota út í ystu æsar til að knýja stjórnvöld til að skila því sem þau hafa ómaklega af okkur tekið og til að þrýsta á um frekari hagsbætur okkur til handa. Vopnið er kosningarétturinn, atkvæðin okkar. Við vorum 13-14 % af þeim sem voru á kjörskrá við síðustu það vita stjórnmalaflokkarnir. Það hefur komið í ljós að barátta samtaka eldri borgara og einstaklinga undanfarið hefur borið árangur með rökstuddri sanngirniskröfu og atkvæðisréttinn að vopni. Stjórnvöld hafa látið undan síga, þótt lítið sé. Látum ekki stjórnvöld villa okkur sýn með því að stinga upp í okkur alþingiskosningar, það munar um minna einhverjum smá dúsúms rétt fyrir kosningar og lofa okkur bót og betrun, látum þá vita það strax að það dugar ekki, við viljum leiðréttingu okkar mála nú þegar. Ekki er fráleitt að minnast á að við getum ráðið því með samtökum okkar hvort þeirra stjórnmalaafla sem berjast um völdin í Reykjavík eru við völd hverju sinni að minnsta kosti næsta kjörtímabil, tökum því vel eftir því hvernig þessir aðilar vinna að okkar hagsmunamálum í borginni þar liggja líka mikilvægir hagsmunir okkar. Látum þessa aðila heyra það að við fylgjumst vel með verkum þeirra og framvindu okkar velferðarmála. Góðir félagar að lokum vil ég beina þeim orðum til ykkar að fréttablaðið okkar er opið öllum félögum okkar og hvet ég ykkur til að senda skrifstofunni greinar og koma þannig skoðunum ykkar á framfæri, eða koma á skrifstofuna og ræða málin, ég hef lokið máli mínu ég þakka áheyrnina.

Sverrir Björnsson.



Sléttuvegshverfið, 29-31 í byggingu

Frjálsar umræður!

Borgarstjóri – góðir fundarmenn.

Ég heiti Ragna Hjartar.

Ég bý í húsi, sem Samtök aldraðra byggðu að Sléttuvegi 11-13, þar búa í dag 69 manns. Í nágrenninu búa fjölmargir eldri borgarar. Þessar íbúðir eru kallaðar þjónustuíbúðir, og eru það að vissu marki, en íbúarnir álíta að tilfinnanlega vanti einhverja hjúkrunarþjónustu í húsin. Eða næsta nágrenni. Flestir aldraðri telja því, að heppilegt væri að koma upp þjónustuaðstöðu í nánnum tengslum við stærstu öldrunarkjarnana, þar sem heimþjónustan, heimahjúkrun og endurhæfingar hjúkrunarrými væru helst undir einum hatti og í sem mestri nálægð við búsetu aldraðra. Við viljum öll geta búið heima hjá okkur sem lengst. Það er því álit mjög margra, að með þessu móti mætti lengja búsetu aldraðra um allt að 2-5 ár, og jafnframt spara opinberum aðilum verulegar fjárhæðir. Er ekki möguleiki á því að þessi mál verði athuguð vel í samvinnu borgar, ríkis og samstarfshóp aldraðra.

Fyrirspurn til borgarstjóra

Mikið hefur verið rætt um hvernig haga beri hagsmunabaráttur aldraðra í þjóðfélaginu, við óttumst nefnilega þann mikla samhljóm sem virðist vera milli stjórnmálaflokka um að aldraðir séu vaxandi og mjög erfitt vandamál

nýtiðar og sérstaklega framtíðar. Við erum nútíðin en börnin okkar eru framtíðin. Nútíðin verður okkur sífellt erfiðari og við hljótum að hafa áhyggjur af framtíðinni barna okkar vegna. Þar sem þau sjá ekki skóginn fyrir trjánum að því er virðist, verðum við að hugsa fyrir þau og taka upp hagsmunabaráttuna fyrir aldraða almennt. Þetta hefur verið mikið rætt meðal okkar, og margt borið á góma. Eitt hljómar hátt. Sérframboð aldraðra til alþingis og borgarstjórnar. Í ljósi þess að þú borgarstjóri góður hefur orðið allvíðtæka stjórnmalareynslu og hefur sýnt það að þú getur talað tæpitungulaust um þau mál, þá langar mig til að spyrja þig í ljósi þess að þú hefur staðið í nokkurri forystu fyrir álíka barátu, fyrir réttindum kvenna, sem áttu vissulega á brattan að sækja. Telur þú að það sé góð og heppileg leið fyrir okkur, að fara inn á þá braut að fara út í sérframboð aldraðra til þess að ná árangri í hagsmunabaráttu fyrir þá.

Sigbrúður Jóhannesdóttir.

Fyrirspurn til Borgarstjóra

Á ráðstefnu öldrunarráðs Íslands í febrúar 1996 kom fram í yfirgrips mikil og eftirtektarverðri ræðu þinni að þú teldir æskilegt að borgaryfirvöld hefðu samráð við samtök eldra fólks í borginni um hagsmuna – og velferðamál þeirra. Spurt: Er það gert og þá með hvaða hætti t.d. hvaða

embættismenn eða hvaða stofnanir innan borgarkerfisins annast það.

Sverrir Björnsson.

Svar borgarstjóra

„Erfitt að ná til eldri borgara þar sem þeir eru dreifðir í mögum félögum“.

Og reyndar öll svör borgarstjóra á fundinum á voru pari við þetta svar. Þess vegna hafa sennilega síðustu áratugir eða svo verið illa skjólsöm fyrir samtökin og árangur lítil í samstarfi við kjörna fulltrú þótt hundruð atvika hafi verið á verkefnaskrá framtíðarverka. Engu að síður og var þessi tími notaður án mikils árangurs, verður að segjast. Nema til aukaskattlagningar og skerðinga aldraðra að hálfu ríkjandi stjórnmálaflokka.

Við hjá Samtökum aldraðra eru mjög þakklát stjórnmála mönnum og konum alla liðveislu við verkefni hagsmunasamtaka eldri borgara. Sem eru nú sem áður, verkefni í varnar og sóknar baráttu fyrir hóp, sem er búinn að leggja sitt af mörkum við að byggja upp menningar og menntunar styrk íslenskrar þjóðar, tæknivæða landið, frá ströndum til innstu dala og fjalatinda. Líka tekið þátt í uppbyggingu heilbrigðiskerfis, Almennra tryggingar og margskonar tryggingarsjóða sem við aldraðir eigum skilið að njóta af á æviköldi í stað eignarnáms og margsköttunar



Fréttir

(Stórfréttin fyrst, sem aldrei má gleymast). Í frétt í Mbl. 21 maí 2012, frá fundi um lífeyrismál.

Þar segir að Ásmundur Stefánsson, fyrrverandi forseti ASÍ, hafi sagt „ekki hafa haft hugmyndaflug til að láta sér detta í hug að stjórnvöld myndu ganga svo langt í tekjutengingu ellilífeyris eins og þau hafa gert. Það skipti í dag engu máli hvort verkakona á lágmarkslaunum hefði greitt í Lífeyrismál hafa verið mikið í deiglunni undanfarið og sitt sýnist hverjum um stöðu og starfshætti lífeyrissjóðanna. En það breytir ekki því að lífeyrir er kjaramál á Íslandi og lýtur því lög-málum kjaramála. Lífeyrismál 21 lífeyrissjóð eða ekki. Hún væri jafnsett“ Hann sagði „að fyrstu 73 þúsund krónurnar sem ellilífeyrisþegar væru með í tekjur úr lífeyrissjóði væru gerðar upptækar í gegnum skerðingar í almannatryggingarkerfinu. Skerðingin væri 100%. Ásmundur sagði að það væri því ekki óeðlilegt að fólk varpaði fram þeirri spurningum, hvers vegna það hefði verið að greiða í lífeyrissjóð. Hann hefði á sínum tíma hvatt fólk til að greiða í lífeyrissjóð og sýna þannig fyrirhyggju í fjármálum. Hann sagði hafa samviskubít gagnvart þessu fólki“. Ásmundur sagðist „ekki vera á móti tekjuskurðingum en þær yrðu að vera hóflegar. Það yrði að ná sátt um lífeyrissjóðakerfið því annars brotnaði það niður“. Ásmundur gagnrýndi

ríkisstjórnina harðlega fyrir að reyna að taka til sín fjármuni lífeyrissjóðanna. Þetta væru fjármunir sem hefðu verið ætlaðir í að borga lífeyri og það ætti ekki að nota peningana í önnur verkefni. Hann minnti á söguna um Litlu gulu hænuna. Enginn hefði viljað hjálpa henni fyrr en hún var búin að baka brauðið. Menn hefðu á mörgum árum byggt upp öflugt lífeyriskerfi og nú teldu stjórnvöld sig geta tekið ákvarðanir um hvernig ætti að ráðstafa fjármunum sjóðanna. Ásmundur brýndi forsvarsmenn lífeyrissjóðanna að láta ekki undan kröfum stjórnvalda um að taka á sig útgjöld vegna verkefna sem ekki tengdust megintilgangi lífeyrissjóðanna, sem er að greiða lífeyri. Hann sagði að lífeyrissjóðirnir ættu ekki að ljá máls á því að ræða þetta við stjórnvöld. Ásmundur gagnrýndi líka hversu mikið fólk á hjúkrunarheimilum greiddi í gjöld. Kerfið er þannig að þeir sem engar tekjur hafa úr lífeyrissjóðum fá greiddar 46.873 krónur í vasapeninga. Þeir sem hafa tekjur halda hinsvegar aðeins eftir 65.005 krónum, þó að þeir séu með tekjur upp að 541.406 krónum á mánuði. Í dag eru 49% þeirra sem eru á hjúkrunarheimilum með engar tekjur úr lífeyrissjóðum og þurfa því ekki að greiða með sér. Ásmundur sagði að

þetta hlutfall myndi lækka á næstu árum þegar aldrað fólk sem ekki er með lífeyrisréttindi félli frá en fólk með lífeyrisréttindi kæmi inn á heimilin í þess stað.

Hér verður ritstjóri að leiðrétta Ásmund, því allir Íslendingar hafa lífeyrisréttindi í Almannatryggingu, en eru hinsvegar skertir um lífeyrir þaðan, á grundvelli lögbþingunar (þjófnadar) ef um aðrar tekjur er að ræða.

Í Guðanna bænum munið þetta öll, líka opinberir fulltrúar. Ásmundur kynnti á fundinum útreikninga á því hvað samfélagið væri að greiða mikið fyrir þjónustu við aldraða og hvað aldraðir væru að greiða mikið til þess með sköttum sínum. Niðurstaða hans var að aldraðir fjármögnuðu sjálfir útgjöld vegna lífeyris og hjúkrunarheimila. Samfélagið greiddi ekkert til þessara verkefna. Ásmundur gagnrýndi samtök aldraðra fyrir að standa ekki upp í hárinu á stjórnvöldum í þessu máli. Við þurfum að byggja hér hvetjandi samfélag. Þar sem fólk finnur stuðning frá stjórnvöldum þegar það leggur sig fram um að bæta líf sitt og annarra. Lög og reglur mega ekki ganga gegn heilbrigðri skynsemi fólks því ella dvínar öll virðing fyrir þeim og það

grefur undan samfélagssáttmálanum," sagði Bjarni Benediktsson formaður Sjálfstæðisflokksins, á Fésabókasiðu sinni í maí 2012, í tilefni umæla Ásmundar Stefánssonar.

Greindir menn sem eiga ekki að sætta sig við þá fátæktargildru sem tekjutengingar eftirlauna og sjúkrahúsvistar eru hér á Íslandi. Hér er um lögbvingaðan tekjuskattsauka að ræða.

Margir í hópi aldraðra kalla niðurfellingu grunnlífeyris 1. júlí 2008 og skerðingarnar 1. Janúar 2008,

„stærsta þjófnað hins margumtalaða 2008 efnahagshruns“.

„-- Gáfunnar ársal Æsir bjartir lýsa Einherjar djúpt í sálu falla og rísa“.
segir stórskáldið Jóhannes í „Eigi skal höggva“.

EGJ

Aðferðaformáli Vistunarmatsnefndar Hjúkrunarheimila

Formaður sjómannadagsráð spyr:
„Hve margir sjómenn hafa óskað eftir að njóta hjúkrunarþjónustu Hrafnistu við vistunarbeiðni?“

Svar: Sæll aftur Guðmundur. Nefndin hefur fjallað um erindi þitt og hér er svarið. Þegar fólk fær samþykkt Færni- og heilsumat er það beðið um tilnefna sem flesta staði og helst ekki minna en fjóratstaði. Það er gert, þar sem líkur á því að varanleg dvöl bjóðist vaxa með fjölda staða, eins og trompmiði í happdrætti eykur líkur á vinningi umfram einn miða. Með þessu er ekki verið að biðja um forgangsroðun frá nr. 1 og niður, þar sem nefndin fer jafnan ekki eftir því sérstaklega. Óhjákvæmilega þarf fólk að nefna staðina í einhverri röð en gengið er út frá því að fólk þiggi rými á þeim stöðum sem það nefnir, áháð röð. Þegar rými opnast er farið eftir öðrum þáttum,



Sléttuvegur 29-31.

svo sem því hverjar lífshorfur eru á kvarðanum 0-10 (reiknilíkan sem tekur inn stigafjölda, aldur og kyn og byggir á 10 ára uppgjöri vistunarmatsins), sérstakri neyð og því hvort viðkomandi sé svo veikur að hann þurfi að biða á sjúkrahúsi. Loks er reynt að horfa til tímalengdar biðar, ef varanleg dvöl dregst á langinn. Ef fólk hafnar rými á stað sem býðst, er litið svo á að fólk treysti sér til þess að biða lengur eftir varanlegri dvöl. Þeir sem velja einn stað eingöngu þurfa að jafnaði að biða lengst. Þetta eru sjónarmið FHM nefndar almennt talað. Þar að auki heldur nefndin ekki sérstaklega utan um röð staðanna heldur birtist biðlisti hverrar stofnunar í Stika kerfinu. Þá má benda á það, að vallistar (fólk breytir og víxlar oft og tíðum vali sínu á hjúkrunarheimilum) og biðlistar taka stöðugum breytingum.

Með kveðju,
Fyrir hönd færni- og heilsumatsnefndar
Álfhildur Hallgrímsdóttir

Hugað að fortíð og framtíð

Ásmundur Stefánsson fyrrum forseti ASÍ, kynnti á fundi 2012 um lífeyrismál, útreikninga sína á því hvað samfélagið væri að greiða mikið fyrir þjónustu við aldraða og hvað aldraðir væru að greiða mikið til þess með sköttum og iðgjöldum sínum. Niðurstaða hans var að aldraðir fjármöggnuðu sjálfir, 100% öll útgjöld vegna lífeyris og hjúkrunarheimila og meira segja ættu afgang. Það ríkir hinsvegar óvissa um hver

misnotaði sjóðina sem hér um ræðir. Það ætti að vera mjög auðvelt að svara fyrir þann glæpagjörning, en það virðist svo sannarlega ekki vera áhugamál þeirra sem fyrir þessum málum er treyst.

Það er kannski rétt, sennilega hárrétt sem haft eftir Shakespeare, þeim mikla skáldmæringi, að tvisvar hafi gamall maður verið barn. Fullyrðing þessi felur í sér, að þegar maður sé orðinn gamall, þá þarfnist hann aftur þeirrar hjálpar og umhyggju, sem hann naut þegar hann var hjálparvana barn. Ást og umhyggja mæðra okkar var slík, þegar við vorum börn, að sum okkar vorum á brjósti í nokkur ár, en þegar aldur færir yfir finnum við að gott væri að eiga barm að halla sér að og fá hlýleg umhyggju ár sem auðvita þurfa ekki brjóst eða kjamsi á að halda. Þegar þessi þörf vaknar í vitund staðfestist að við erum að verða gömul, en höfum ekki sem betur fer náð barninu fram á ný. ekki náð barninu fram á ný, en það nálgast sá tími þar sem nýja gelgjan er hafin. Ég trúí Shakespeare.

Auðvitað verðum við að reyna, eins rjúpa við steinn, að bæta lífi við árin. En ekki bara árum við lífið, heldur líka lífa lifandi til að safna orku, staðfestu og vilja til að takast á við tilheyrandi yfirvöld með fullri reisn. En það er skammarlegt og ólíðandi að stjórnsýslan skuli í sífellu nota hugtakið „Bætur“ um endurgreiðslu fjármuna

sem við eigum inni hjá ríkisféhirðinum. Það er auðvita engum bannað að vinna og hafa heila prótína framleiðsluna í lagi, en augljóst er að fólk gerir það tæpast nema á eigin vegum.

Auðvitað erum við flest sem ósærð erum, ósátt að þurfa að hverfa úr ævistarfi og samþykkjum treglega að það eigi að vera einhver viðtekin venja eða lagaskylda í opinbera geiranum að fullfrískt fólk hætti að vinna, þegar það verður 70 ára gamalt og eigi að láta af störfum í takt við ímynd um að það sé gjörónýtt til allra gefandi og arðbærra verka, þrátt fyrir ósærða heilsu og vera klyfjaður f reynslu. En það er jafn sjálfsagt að þeir sem óska að halda áfram vinnu geti gert það og geti m.a. þá afsannað ímyndina.

Samhliða er að festast að fólk bjóði sig ekki fram til opinberra starfa eftir sjötugt vegna þeirrar ímyndar að ungfólkið sé hæfast til að stjórna sameiginlegum málefnum lands og þjóðar. Margir efast mjög um, að svo sé. Enda sýnir reynslan það, einkum á pólitíska sviðinu að fólk má vera líkamlega fjölfatlað af elli, en staðið sig vel í pólitísku starfi.

Winston Churchill varð forsætisráð-




herra Bretlands háaldraður. Það var gamall maður, sem reisti Þýskaland úr rústum eftir styrjöldina síðari. Konrad Hermann Joseph Adenauer og Michael D. Higgins var kosinn forseti Írlands 2012 í ríkjandi kreppu ástandi. Higgins er fæddur 1941. En hér á landi hefur trúin á yfirburði unga fólksins, líkamlegur frískleiki og leikgeta ráðið ferð. En vandamál ellinnar eru ekki öll leyst með því að frelsa þá vinnufúsu og heilbrigðu.

Þeir eru alltof fáir þeir lofsöngvar, sem sungnir eru um fegurð ellinnar, en fleiri þeir sem sungnir hafa verið um böll hennar. Höfundur einn hefur sagt:

„Það, sem gerir ellina svo dapurlega, er ekki það, að gleði vor hverfi, heldur hitt, að vonir vorar deyja.“ Svartsýni sem þessi er auðvitað oft skammt undan hjá gömlu fólki, en ég trúi því ekki að upprisu vonin deyi heldur sé haldreipi síðustu stunda. Pétur biskup hefur sjálfsagt og meðal annars, haft þetta í huga, þegar hann ákvað uppstigningardag, dag eldri borgara.

Grundvallareðli þjóðfélagsins er að breytast

En nokkur gömul svartsýnisorð þjóðfélagsfræðingsins Karls Renners, saka ekki í því sambandi, en eru íhugunarefni vegna þeirra



Winston Churchill varð forsætisráðherra Bretlands 10. maí 1940, sama dag og Ísland var hernumið af Bretum. Hann gegndi þeirri stöðu til 1945, en tók við á nýja leik 1951 til 1955.



Það var gamall maður, sem reisti Þýskaland úr rústum eftir heimsstyrjöldina síðari. Konrad Hermann Joseph Adenauer Chancellor Vestur-Þýskalands frá 1949 til 1963.



Það var gamall maður kosinn forseti Írlands fyrir nokkrum mánuðum. Michael D. Higgins nýr forseti Írlands fæddur 1941



Bókmenntafræðingurinn í göngutúr með yngri stuðningsmönnum.

Skildi mönnum á skerinu einhvern tíma leiðast að vera til...að vera til ? Eða skildu eftirlaunin gera að þeir nenna ekki lengur að finna til ?... Íslands farsældar frónstjórar, hvar eru þið, þið þroskuðu leiðtogar?

þykjustuleikja sem eldri borgarar eru þvingaðir til í samfélagi okkar. En festið í minnið að við eigum alltaf von:

Stefna þessara breytinga er skýrt ákveðin og árangurinn ótvíræður, en hann hefur ekki verið rannsakaður fræðilega og er ekki kominn á almannavitorð. Mannlegt samfélag dregst áfram, knúði af óljósum hvötum, án þess að gera sér grein fyrir raunverulegum þörfum sínum nema að óverulegu leyti.“

Það er rétt, að þjóðfélag okkar er í mótun og á alltaf að vera í mótun. Við skulum reyna á hverjum tíma að átta okkur á, um hvaða leiðir er að velja, hafa sjálf stjórn á breytingunum, veita þeim í þann farveg, sem leiðir til frjórra og fegurra mannlífs. Ég hef en þá barnatrú, að við Íslendingar getum og höfum einstaka aðstöðu til að læra að þekja, skilja og meta samfélag okkar. Hér er engin ástæða svartsýni. Við getum svo sannarlega haft áhrif á örlög okkar sem þjóðar án þess að þykjast og afsannað hressilega bölsýnissskoðun Renners.

Við lifum ekki lengur undir konungsvaldi og megum ekki halda að eftirfarandi sé enn í gildi. Með reglugerð gjörir einvaldskonungur okkar Friðrik VI O. s. frv. vitanlegt 8. Janúar 1834.:

„Eins og foreldrar eru skyldugir að forsorga og uppala þeirra börn, svo eru líka afkvæmi, eptir þeirra kjörum, skyldug til að sorga fyrir þeirra þurfandi foreldra framfærslu, er þannig eigi má auka sveitinni þyngsli, svo lengi sem börn og afkomendur megna hana að veita.“

Auðvitað á því ekki dreifa svartagaldursrausi um að fólk hafi alltaf verið sinnulaust að tryggja sér fjárhagslegt sjálfstæði og umhyggju í ellinni og séu þiggjendur yngri kynslóða. Sjóðir okkar síðan frá 1946 áttu auðvitað að vera á sínum stað.

Árangurinn einstaklings sparnaðar hefur að sjálfsögðu orðið misjafn. Sjálfsaflafé var oft lítið um langan tíma eða að margur hefur orðið að horfa á sparifé sitt brenna upp í pólitísku fiffum, verðbólguþáli og bólum Kreppu skerðingar og marsköttun hefur dunið yfir nú sem kreppuáðgerð og kreppan gerð að stórkreppu. Og viðbrögð stjórnáráðanna eftir því, niðurskurður og skatta hækkanir því AGS hafi heimitað það. Já blóraböggjar eru einkar notalegir böggjar pólitískum böggjalerum í pólitíkinni. Verkefni aldraðra getur verið þrjátíu ára strit við að viðhalda mannlegri reisn. Öldrun getur spannað þrjátíu mismunandi ára bil, t.d. frá 67 aldur til 97 ára aldurs. Kynslóðir eru þar á ferð með mismunandi lífssýn og lífsreynslu, menningarviðhorf og menntun. Við verðum að horfast í augu við þetta allt og forðast ekki þá staðreynd, eins og kettir heitan graut, að menn verða gamlir og lúnir í lífsstritinu. og geta sumir hverjir ekki lengur búið að sínu og verið með sínum og þurfa því vistast á hjúkunarheimilum sem getur falið í sér persónulega harmleiki í fleiri tilfellum en við gerum okkur grein fyrir. Ég held, að enginn maður óski sér þess, meðan hann er heilbrigður og að mestu sjálfbjarga, að lenda á hjúkunarheimili. Við vitum að andleg hrörnun er fyrst og fremst stöðnun í hugsanastöðvum mannsheilans. Ef þær eru ekki láttnar falla í algert dauðadáð, þá er unnt að vekja þær aftur til starfa, og þá getur hafist nýtt blómaskeið til alhliða andlegs þroska. Andlegur þroski er ekki háður neinum aldurstakmörkum. Menn geta verið að þroskast til dánardægurs.

Því miður er ríkjandi regla sem virðist óhagganleg, þótt mananna verk sé, að aldrei megi veita þeim, sem misrétti eru beittir, leiðréttingu, án þess að forréttindahlutinn fái jafnframt aukinn sinn skerf og oft í ríkara mæli. Það virðist aldrei vera hægt að leiðrétta fyrri afglöp og misrétti með því

að skerða ríkjandi réttindi, hversu ranglát sem þau eru. Þessa reglu, jafn afdráttarlaus og hún virðist vera og í sumum tilfellum stjórnarskrár varin, telja margir vera meginhindrun í vegi þess að koma á réttlátara ellilífeyriskerfi. Ég tel ekki rétt að greina fjárhagsleg vandamál elliáranna um of frá vandamálum á öðrum aldurs skeiðum fullorðinna. Ég tel, að ellilífeyrismörkin skapi engin skýr skil, en bendi á að fjárhagsvandamál á elliárum og öðrum aldurs skeiðum eru samtengd. Sem dæmi má nefna, að sá, sem nýtur þess að vera í vísitölu eða kauptryggðum lífeyrissjóði, getur losnað við allar fjárhagsáhyggjur vegna elliáranna, og notað ráðstöfunartekjur sínar á líðandi stund. Fyrir flesta aðra geta ótryggar horfur verið lýjandi baggi. Sem betur fer verður misrétti það, sem ég hef greint frá, augljósara með ári hverju, og að því kemur, að ekki verður hjá komist að ráða bót á því. Hugmyndir um leiðir til úrbóta eru ekki tiltækar á þessum vettvangi. En ég vil leggja áherslu á, að þörf er endurskoðunar á öllu almannatrygginga og lífeyrissjóðakerfi þjóðarinnar með samræmingu, einföldun og útvíkkun fyrir augum, þannig að allir þegnir þjóðfélagsins falli inn í eitt og sama lífeyrissjóðakerfið. Við þá endurskoðun verður að gera sér ljósa grein fyrir öllum hugsanlegum breytingum á verðlagi, skattakerfi og ganga svo frá hnútunum, að allt fari ekki úr böndunum. En breytingin verður ekki



auðveld, því án efa verða sérhagsmunir vildar vopn þeirra sem ráða þeirri vegferð.

Ég veit að ég og aðrir sem staðið hafa í varnarbaráttu gegn eignaupptöku, skerðingum tryggingarlauna og margsköttun eldri borgara séu í samsvarandi baráttu og skógarmaðurinn sem skáldið úr Kötlum kveður um í „Skógarmanninum“

Bekkst er mjög við byggðagungur brotin skörð í þeirra auð.

*Fetar einn um fen og klungur frá og skyggn í þungri nauð,
ærist við sitt hljóða hungur,
hleypur uppi vænan sauð.*

Því fer víðsfjarri sem betur fer, aldraðir erum búnir kaupa „sauðina og eru enn að kaupa „sauði“. En mér sem öðrum, er og eigum að vera ljóst, að margir aldraðir leggjast til svefnis, illanærðir af mat, lyfjum og líknaraðstöðu um þessar mundir. Kristján Hreinsson kvað svo hlýlega:

Þar liggur hvítklædd sál við dauðans dyr hún dagsins verkum öllum hefur lokið, er myrkrið nálgast, hógvæð hugur spyr hvort hjartað verði núna laust við okið.

Stiklan sem Stefán Jónsson kvæðamaður og vinnufélagi ritstjóra, kvað í uppgjöri við Jóhönnu, er kveðja fréttabréfs Samtaka aldraðra til allra stjórnmalamanna. Stefán lést 2013.

*Nú er ég kominn á níraðisaldur
Í nösunum merki ég grafarmoldarþef
Fjármálaráðherra verður þess valdur
Að viðnám við dauðanum lítið ég hef.*

*Með heilagri Jóhönnu hamast nú á mér
Og hirðir þá aura, sem sparað ég gat
Til ellinnar hugðist ég eiga þá hjá mér
Svo efni ég hefði á lyfjum og mat.
Við gamlingjar höfum víst breiðustu bökín*

*Og brugðist því getum við álagahríð
Á okkur dæmist á sukkinu sökin
Og svelta því megum um ókomna tíð.*

*Andmæla réttur mér engin er gefinn
Því ei mátti verða á framkvæmdum töf,
Hjá ríkisstjórn Jóhönnu reiddur var hnefinn
Svo rétt hef ég hvorki á kistu né gróf.*

Lífeyrir aldraðra hækki í 300 þúsund kr. á mánuði – grein Björgvins Guðmundssonar í Frbl 23.04.2015

Lífeyrir aldraðra og öryrkja hefur iðulega verið frystur á sama tíma og lægstu laun hafa hækkað. Þetta er kallað kjaragliðnun og aldraðir krefjast þess, að hún verði strax leiðrétt vegna krepputímans og lífeyrir hækkaður um 20% áður en yfirstandandi kjaradeila leysist. Síðan þarf að gæta þess við lausn kjaradeilunnar og framvegis, að lífeyrir hækki ávallt jafnmikið og lægstu laun.

Verkalýðshreyfingin býr sig nú undir hörð átök í kjaramálu. Verkföllin hafa verið boðuð. Kjarasamningar eru lausir og flest verkalýðsfélög hafa sett fram kröfur sínar um kjarabætur. Starfsgreinasambandið fer fram á, að laun hækki á þremur árum í 300 þúsund krónur á mánuði. Þetta er sú lágmarksupphæð, sem launþegar og allur almenningur þurfa sér til framfærslu. Lægra en meðaltalsútgjöld þetta er lægra en neyslukönnun Hagstofunnar segir að séu meðaltalsútgjöld einstaklinga til neyslu í landinu, en þau nema 321 þúsund krónum á mánuði án skatta.

Félag eldri borgara í Reykjavík hefur sett fram þá kröfu að lífeyrir aldraðra hækki í áföngum í samræmi við neyslukönnun Hagstofunnar og verði 321 þúsund krónur á mánuði. ASÍ styðji kröfu lífeyrisþega Nú þegar Starfsgreinasambandið hefur sett fram kröfu um 300 þúsund króna

laun á mánuði er eðlilegt, að aldraðir og öryrkjar setji fram hliðstæða kröfu, þ.e. að laun (lífeyrir) lífeyrisþega hækki í sömu upphæð og kaup launþega. Landssamband eldri borgara hefur áður sett fram slíka kröfu og leitað stuðnings ASÍ við þá kröfugerð. Eldri borgarar vænta þess, að verkalýðshreyfingin taki kröfur lífeyrisþega upp í viðræðum við ríkisstjórnina í tengslum við væntanlega kjaradeilu. ASÍ þarf að setja fram þá kröfu, að lífeyrir aldraðra og öryrkja hækki í nákvæmlega sömu upphæð og laun verkafólks munu hækka í. Það er eðlileg og réttmæt krafa og það er eðlilegt að verkalýðshreyfingin styðji aldraða og öryrkja í þessu efni.

Hækki í takt við laun

Í lögum segir, að við ákvörðun lífeyris aldraðra og öryrkja skuli taka mið af launapróun en að lífeyrir skuli aldrei hækka minna en vísitala neysluverðs. Þetta lagaákvæði hefur verið þverbrotið. Lífeyrir aldraðra hefur hvergi nærri hækkað eins mikið og lægstu laun. Aldraðir og öryrkjar hafa orðið eftir í launapróuninni.

Lífeyrir iðulega verið frystur

Lífeyrir aldraðra og öryrkja hefur iðulega verið frystur á sama tíma og lægstu laun hafa hækkað. Þetta er kallað kjaragliðnun og aldraðir krefjast þess, að hún verði strax leiðrétt vegna krepputímans og lífeyrir hækkaður um 20% áður en yfirstandandi kjaradeila leysist. Síðan þarf að gæta þess við lausn kjaradeilunnar og framvegis, að lífeyrir hækki ávallt jafnmikið og lægstu laun. Krefjast leiðréttingar strax Kaupmáttur launa verkafólks jókst um 5,8% árið 2014.

Lífeyrir aldraðra og öryrkja hækkaði hins vegar aðeins um 3% um síðustu áramót. Hér hefur því enn átt sér stað kjaragliðnun. Eldri borgarar krefjast þess, að þetta verði strax leið- rétt og lífeyrir aldraðra hækkaður strax

vegna þessarar kjaragliðunar. Nóg er ranglætið fyrir. Verkalýðshreyfingin býr sig nú undir hörð átök í kjaramálum.

Fyrstu verkföllin hafa verið boðuð. Kjarasamningar eru lausir og flest verkalýðsfélög hafa sett fram kröfur sínar um kjarabætur. Starfsgreinasambandið fer fram á, að laun hækki á þremur árum í 300 þúsund krónur á mánuði. Þetta er sú lágmarksupphæð, sem launþegar og allur almenningur þurfa

sér til framfærslu. Lægra en meðaltalsútgjöld þetta er lægra en neyslukönnun Hagstofunnar segir að séu meðaltalsútgjöld einstaklinga til neyslu í landinu, en þau nema 321 þúsund krónum á mánuði án skatta. Félag eldri borgara í Reykjavík hefur sett fram þá kröfu að lífeyrir aldraðra hækki í áföngum í samræmi, að lífeyrir hækki ávallt jafnmikið og lægstu laun.

Kópavogstún 2-4



Samtök aldraðra gerði samning við byggingarfélagið Dverghamra ehf. um byggingu á fjölbýlishúsi fyrir aldraða, 60 ára og eldri, á lóð Dverghamra við Kópavogstún 2-4, í Kópavogi. Vegna áhugaleysis Reykjavíkurborgar á úthlutun

Samningsgerðin gekk vel í sátt og samvinnu við bæjaryfirvöld í Kópavogi. Gerð voru frumdrög að teikningum og skilalýsingu fyrir bygginguna. Það var skoðun allra hlutaðeigandi að staðsetning eignarinnar, skipulag íbúða og skilalýsing uppfylli þær ríku kröfur sem Samtökin gera varðandi allan aðbúnað fyrir félagsmenn sína. Um var að ræða 28 íbúðir 78-190fm. fullbúnar íbúðir með gólfefnum, ísskáp og uppþvottavél í sex hæða lyftuhúsi. Öllum íbúðum fylgir stæði í bílageymsla og sérgeymsla. Á jarðhæð eru geymslur, tæknirými, dekkjageymsla, bílageymsla með stæðum fyrir 30 bíla og þvottaaðstaða fyrir bíla.

Lóðin er á svokölluðum Landsspítalareit við hlið hjúkrunar heimilisins Sunnuhlíð og í göngufæri við Sundlaug Kópavogs. Einnig er stutt í aðra góða þjónustu fyrir aldraða, s.s. í Hamraborg. Í Fréttabréfi var byggingarflokkurinn kynntur

tæknilega og meðfylgjandi var viljayfirlýsingareyðublað fyrir félagsmenn um þátttöku í byggingarflokknum sem kallaður er Kópavogur 1. Gefin var langur svarafrestur vegna sumartímans en 72 félagar svörðu. Fyrir þá sem svörðu var haldinn fundur þar sem ítarlegar tæknilegar og fjárhagslegar upplýsingar voru lagðar fram. Fyrsti valfundur ákveðinn 14. september 2011.

Þann fund mættu 36 félagar og 19 íbúðir valdar. Niðurstaðan er að valfundarskilyrðum sé fullnægt og að fullnaðarhönnun ljúki sem fyrst og ónotaður byggingaréttur falur öllum félögum án félagsaðildarkvaða. Framkvæmdir hefjast í nóvember 2011. Landsbankinn mun veita byggjendum, sem þess óska brúarlán allt að 80% byggingar -kostnaðar á 7.5% óverðtryggðum vöxtum, meðan á framkvæmdum stendur. Kaupsamningur verður gefin út og þinglýstur við greiðslu staðfestingargjalds.

Í aðdraganda samninga við Dverghamar ehf, fóru fram margir formlegir og óformlegir fundir m.a. með fulltrúum bæjarráðs. Í aðdraganda samninga við Dverghamar ehf, fóru fram margir formlegir og óformlegir fundir m.a. með fulltrúum bæjarráðs

Kópavogskaupstaðar um almenna og lögbundna þjónustuskýldur við eldri borgara og síðan fundur með stjórn Sunnuhlíðar-samtakanna um sama efni og þjónustugetu þeirra. Var óskum Samtaka aldraðra vel tekið af báðum og stefnt að á byggingartíma verði, með þátttöku byggjenda, samningar útfærðir. Fyrsta skóflustungan var tekin af Guðríði Arnardóttur formanni bæjarráðs Kópavogs 26. janúar s.l. Sóknarprestur Kópavogskirkju Séra Sigurður Arnarson stjórnaði þeirri athöfn og bað um blessun Guðs og velferð vegna framkvæmdanna og væntanlegra íbúa húsanna. Guðríður Arnardóttir formaður bæjarráðs heiðraði verkefnið og tók nokkrar skóflustungur til að flýta verklokum og því loknu flutti hún hamingjuóskir fyrir hönd Kópavogsbæjar.

Húsið Kópavogstún 2-4 afhent

Samtök aldraðra afhendi eigendum 25 íbúðir að Kópavogstúni 2-4 Kópavogi fimmtudaginn 15 ágúst. Með þessum áfanga er lokið byggingu 443 íbúða á vegum Samtaka aldraðra á höfuðborgarsvæðinu. Húsið er sex hæðir byggt af byggingarfélaginu Dverghamrar ehf. í samvinnu við Samtök aldraðra. Í húsinu eru 28 íbúðir, 30 stæði í bílgeymslu, þvottastæði, dekkjageymsla, geymslur og fundarsalur. 8 tveggja herbergja íbúðir, 18 þriggja herbergja íbúðir og tvær toppíbúðir á 6. hæð. Sala íbúða hefur gengið vel, þó eru enn 2-3 í biðstöðu. Samtök aldraðra afhendi eigendum 25 íbúðir að Kópavogstúni 2-4 Kópavogi fimmtudaginn 15 ágúst. Með þessum áfanga er lokið byggingu 443 íbúða á vegum Samtaka aldraðra á höfuðborgarsvæðinu. Húsið er sex hæðir byggt af byggingarfélaginu Dverghamrar ehf. í samvinnu við Samtök aldraðra. Í húsinu eru 28 íbúðir, 30 stæði í bílgeymslu, þvottastæði, dekkjageymsla, geymslur og fundarsalur. 8 tveggja herbergja íbúðir, 18 þriggja herbergja íbúðir og tvær toppíbúðir á 6. hæð. Sala íbúða hefur gengið vel, þó eru enn 2-3 í biðstöðu.

Það var einkum tvennt sem réði vali Samtaka aldraðra á byggingu húss á þessum stað, en það var staðsetning í næsta nágrenni við þjónustu og hjúkrunarheimili og frábært umhverfi, náttúrufegurð á að líta úr hverjum glugga. Fyrri atriðið er reyndar grundvöllur þjónustuíbúða og ætti að leiða til þess að geta búið við nauðsynlegt öryggi sem lengst.

Til borgarráðs Reykjavíkurborgar.
Hr. Dagur B. Eggertsson formaður
Ráðhús Reykjavíkur Tjarnargötu 11
101 Reykjavík
04.03.2011

Stjórn Samtaka aldraðra vill áður en núverandi erindi er borið fram, færa borgarráði en og aftur innilegar þakkir fyrir lóðina á þeim hentuga stað að Sléttuvegi 29-31 í Fossvogi, þar sem

við höfum nú að lokið byggingu þeirra 58 íbúða sem húsín rúma.

Þrátt fyrir að ýmsar aðstæður hafi verið samtökunum mótdræg síðan við fengum lóðina afhenta 2008 eru öllum íbúðum ráðstafað og íbúar flestir fluttir inn eða við að flytja inn þessa daganna.

Stjórn Samtaka aldraðra hefur á síðustu mánuðum unnið að hugmyndaflæði um hvernig samtökin geti mætt sívaxandi þörf fyrir uppbyggingu sérhannaðra íbúða á góðum kjörum fyrir eldri borgara í Reykjavík á þeim samvinnugrundvelli við Reykjavíkurborg sem hófst um 1980 og hefur ríkt síðan. Þjónustustig í íbúðunum getur verið mismunandi en sveigjanlegt sem áður. Tryggt verði sem frá upphafi að íbúðir sem byggðar eru verði áfram seldar á kostnaðarverði þegar þær skipta um eigendur. Hagur okkar félaga og Reykjavíkurborgar er að eldri borgarar búi í húsnaði sem er sérhannað með tilliti til þarfa þeirra við öll öldrunarstig, þannig að fólki geti búið sem lengst heima. Jafnframt að þess sé gætt að svigrúm sé í húsunum eða næsta nágrenni fyrir hjúkrunar og heimilisástoð. Um 500 félagar Samtaka aldraðra bíða tækifæris til að fá notið íbúða sem byggðar eru eftir staðli Samtaka aldraðra. Samkvæmt framreikningi verða Íslendingar, rúmlega 360.000 árið 2040. Niðurstöður framreikningsins benda til þess að fólki á ellilífeyrisaldri, 67 ára og eldri, komi til með að fjölga mikið á næstu áratugum og verður heildarfjöldi þeirra árið 2030 um 59.000 eru nú um 26.000. Forsendur framreikningsins eru m.a. eftirfarandi: Gert er ráð fyrir að meðalævilengd kynjanna hækki jafnt og þétt yfir tímabilið 2003–2042 og verði orðin í lok þess 82,1 ár hjá körlum og 84,8 ár hjá konum. Samtökin hafa skoðað hugmyndir um þéttingu öldrunahverfis við þjónustumiðstöð aldraðra í Bólstaðarhlíð með allt að 90 íbúðum sérhönnuðum fyrir eldri borgara, þar sem svigrúm er í þjónustumiðstöðinni Bólstaðarhlíð 43 fyrir hjúkrunar og heimilisástoð. Þetta er mjög athyglisverð hugmynd og verðmæt, þar sem myndarleg og vel starfandi þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar þarna staðsett auk hússanna nr.41-45 í Bólstaðarhlíð sem Samtök aldraðra byggðu.. Lóðin norðan lóðanna 41-43-45 er eign Reykjavíkurborgar en er samkvæmt skipulagshugmyndum ætluð til framtíðarstækkunar á Kennaraháskóla Íslands, sem nú er sameinaður Háskóla Íslands. Þar sem Samtök aldraðra hafa fregnað að litlar líkur séu á frekari stækkun Kennaraháskóla á greindum stað, óska Samtök aldraðra eftir því við borgarráð að kannað verði hvort deiliskipulags breyting af þeim toga sem hér er umgetið sé möguleg. Meðfylgjandi eru gögn um nýtingarhugmyndir frá Arkþing arkitektastofu..

Erling Garðar Jónasson. Formaður Samtaka aldraðra.



Kópavogstún 2-4 afhent eigendum.

Bólstaðar/ Stakkahlíðar húsín

Gleði okkar og gáski í stjórn Samtaka aldraðra var á verulega háu plani þegar samþykkt var einróma í borgarráði fimmtudaginn 3. Apríl 2014 tillaga meirihlutans um að veita annars vegar vilyrði til Félags eldri borgara fyrir 50 íbúða uppbyggingu í Mjódd og hins vegar vilyrði fyrir allt að 50 íbúða uppbyggingu á vegum Samtaka aldraðra við Bólstaðarhlíð. Hinsvegar er gleðin blönduð þeirri eftirsjá að ekki var meirihluti fyrir þeirri niður stöðu sem við vonuðumst eftir. En kærar þakkir fyrir bitann Borgarráðs. sérstaklega er Björk Vilhelmsdóttir formanni Velferðaráðs og Hrólfí Jónssyni Mannvirkjastjóra færðar innilegar þakkir fyrir samstarfið í Bólstaðarhlíðarmálum. Áður höfðu breytingartillögur Sjálfstæðisflokksins um að jafnframt yrðu teknar frá lóðir á þessum svæðum til þess að hægt yrði að bæta við 50 íbúðum til viðbótar síðar meir á hvorum stað fyrir sig verið felldar. Við bíðum spennt eftir endanlegri útfærslu deiliskipulags fyrir vætanlega 50-60 íbúðar húsa eða hús.



Guðmundur byggingarmeistari skoðar verk.

Úr fundargerð borgarráðs

Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 2. apríl 2014, þar sem lagt er til að Reykjavíkurborg veiti Samtökum aldraðra vilyrði fyrir lóð og byggingarrétti á

svokölluðum Bólstaðarhlíðarreit. Lögð fram svohljóðandi breytingartillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins: Borgarráð samþykkir að veita Samtökum aldraðra vilyrði fyrir lóð og byggingarrétti á Bólstaðarhlíðarreit fyrir byggingu allt að 50 íbúða með fyrirvara um samþykkt deiliskipulags, sem heimili slíka byggingu. Um er að ræða þá lóð sem er næst þegar byggðum húsum á vegum Samtaka aldraðra og gert er ráð fyrir því að íbúðirnar sem byggðar verði tengist þeirri þjónustumiðstöð sem fyrir er í Bólstaðarhlíð. Jafnframt samþykkir borgarráð að veita Samtökum aldraðra vilyrði fyrir annarri lóð á umræddum reit til síðari tíma aukningar þannig að heildarföldi íbúða sem um ræðir verði um 100 íbúðir. R14010122 Breytingartillagan er felld með 5 atkvæðum borgarráðsfulltrúa Besta flokksins, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna gegn 2 atkvæðum borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Þá er tekin fyrir upphafleg tillaga þar sem lagt er til að Reykjavíkurborg veiti Samtökum aldraðra vilyrði fyrir lóð og byggingarrétti á svokölluðum Bólstaðarhlíðarreit. Samþykkt.



Meistaramir Magnús og Guðmundur. Dverghamri. Völundarmenn.

Samningur við Dverghamar ehf. um byggingu 22 íbúða húss á Kópavogsgerði 5 og 7.

Dverghamar byggði fyrir félagi í Samtökum aldraðra Kópavogtún 2-4 og afhentu 28 íbúðir þess húss í ágúst 2013 til eigenda, sem lýstu yfir ánægju sinni með framkvæmd alla.

Stjórn Samtakanna hefur fyrir sitt leiti samþykkt byggingu 22 íbúða á Kópavogsgerði 5-7. Framkvæmdina var samþykkt með meirihluta afgreiðslu, í stjórn. 3/1 og einn sat hjá. Á sömu hlutföllum var samþykkt að semja ekki við Gerplustrætismenn. Valfundur hefur farið fram og óseldar íbúðir að fást án fyrri félagsaðildar gegn því að ganga í samtökin við gerð kaupsamnings.

Framkvæmdir eru hafnar.

Afhendingar tími eftir 20 mánuði. Fallegur og eftirsóttur staður.



Kennaraháskólalóðin

Teikning: Arkþing



Hæð	Staðsetning	Stærð íbúðar m ²	Herbergi	Einangur	Gólfefn.	Verð íbúðar	Verð íbúðar með kostnað SA	Verð íbúðar	Column
3	Gerplustræti 13	130,1			Já	329.746 kr.	45.013.000	42.900.000	
3	Kópavogsgerði 5-7	131,6	3 ?		Já	417.948 kr.		55.002.000	
7	Lundur Kópavogi	121	3 ?		Já	453.719 kr.		54.900.000	
2	Langalína Garðabæ	157,3	4 ?		Nei	432.295 kr.		68.000.000	
4	Naustavör Kópavogi	138	4 ?		Nei	427.536 kr.		59.000.000	Ath. Engin bílg.
2	Mýrargata	154,4	5 ?		Nei	452.953 kr.		69.936.000	

Nokkrir valkostir á íbúðarmarkaði á Höfuðborgarsvæðinu mars-apríl 2015

Hér kemur í ljós að Gerplustrætis íbúðirnar eru ódýrastar, sambærilegar hæðir og allur frágangur við aðra valkosti. Skilakröfur sambærilegar nema það fylgir þvottavél í Gerplustræti og fundarsalur fyrir hverjar 16. íbúðir

NIÐURSTAÐA

Í framhaldinu liggur ljóst fyrir að auka samráð við borgaryfirvöld og skoða hvar mögulegt og hentugt sé að staðsetja sérhæfðar byggingar fyrir eldri borgara í næstu framtíð. Þetta er vandasamt verk, því staðsetning hlýtur að taka mið af þjónustugetu í næsta nágrenni slíkra bygginga og að umhverfið allt uppfylli yrtustu kröfur um aðgengi og útivist. Fyrirverandi formaður borgarráðs hefur í nefnt við Samtökin, suður hlíðar Úlfarsfells, þar sem mögulegt er að skipuleggja kjarnabyggð eldri borgara líkt og er við Sléttuveg. Ljóst er að 500-600 félagar bíða tækifæris að taka þátt í byggingarframkvæmdum sem Samtök aldraðra standa fyrir eða kaupum á endursöluíbúð. Framkvæmdin við Sléttuveg er nú aðeins 10% áfangi. Framkvæmdirnar hingað til hafa skilað þeim árangri að eftirspurnin er mikill, en líklega einnig vegna þeirra framkvæmdarskilyrða og kvaða sem um getur í samþykktum Samtaka aldraðra. Stjórnin hefur á grundvelli ábendinga frá Reykjavíkurborg og þess sem áður greinir, sent umsóknir til borgarinnar fyrir 3 lóðum, en þær eru við Bústaðarveg (gamla Fákssvæðið), úti í Skerjafirði, á lóð sem Skeljungur hafði áður og á Selás svæði sem er á svæði 110 en þar er hugsuð kjarnabyggð fyrir aldraða. Umsóknin hefur verið lögð fyrir borgarráð, en engin svör hafa borist. Þá hefur einnig verið sótt um lóðina Skógarvegur 16 sem borgarráð afgreiddi til umsagnar embættismanna. Ljóst er að til að mæta annarsvegar fyrstu grein laga um aldraða er ljóst að Reykjavíkurborg verður að „hysja upp buxur“ í að útvega hentugar lóðir fyrir þjónustu íbúðar byggingar fyrir eldri borgara og svara og ræða við af eigin frumkvæði öflugan

samtalsvettvang milli borgar og velferðarféлага aldraða sem tekið hafa að sér að koma slíkum þjónustu íbúðum á laggirnar.

Ljóst er að þjónustumiðstöð sem Reykjavíkurborg hyggst reka í væntanlegri byggingu DAS við Sléttuveg í Fossvogi er beðið með óþreyju hjá öldruðum í Sléttuvegshverfinu, enda þá þegar vel á þriðja hundrað íbúða þar og verða um 400 ef áætlanir ganga eftir. Hefja átti framkvæmdir 2007, allsendis er óvíst hvenær greind þjónusta verður tiltæk. Eitt stærsta vandamál í viðskiptum við Reykjavíkurborg er að þaðan berast aldrei svör við erindum, ganga þarf eftir öllum svarbeiðnum t.d. svör um lóðabeiðni eru afgreiddar í borgráði með orðalaginu, málið hefur verið sent embættismönnum til afgreiðslu. síðan ekki hljóð í horni. Þetta hefur orðið til að skoða mál og aðstöðu í nágrennasveitarfélögum og þegar hafa 28

íbúðir verið byggðar í suðurhlíðum Kópavogs þar sem segja má að lóðarkostnaður hafi verið hreint okkur og Kópavogsbæ til skammar. Þá er hafin bygging á 22 íbúðum þar í næsta nágrenni með enn hærri lóðarkostnaði. Og er ljóst að aðeins betur stæðir félagar geta orðið byggjendur þar, en tekið skal fram að sem betur fer finnast slíkir í félagaskrá Samtaka aldraðra.

Þá hafa Samtökin lagt fram hugmyndir um þéttingu öldrunahverfis við þjónustumiðstöð Bólstaðarhlíðar með allt að 60 íbúðum fyrir aldraða og í því sambandi er rétt að koma á framfæri ótrúlegum tölum og þykjustuleikjum borgarinnar í því máli. Fyrsta bréf okkar velferðarráð var sent 10. des. 2010 um málið og nú næsta fimm árum síðar er málið komið á þann rekspól að áætla að framkvæmdir geti farið fram á árunum 2016-2020. Þykjustu leikirnir í þessu tilviki er að blanda saman óljósum hugmyndavinnu með að vinna saman á spilduni hugmynd með „ódyrum“ íbúðum fyrir ungfólkið:

Þeir sem hafa barið á dyr hjá samtökunum með áhuga á íbúðum þarna eru vosvignir.

Töluverður fjöldi Hafnfirðinga og Álftnesinga eru félagar í Samtökum aldraðra og var þeim send fyrirspurn um hvort þeir hefðu áhuga á að Samtökin byggðu á Hafnarfjarðarsvæðinu. Könnunin leiddi í ljós mikinn áhuga fyrir slíku. Formaður átti fund með bæjarstjóra um lóðamál og í framhaldi var send inn lóðaumsókn. Haldin var kynningarfundur um Samtök aldraðra með félaginu 60+ í Hafnarfirði, þar sem einnig mætti forystufólk Öldungaráðs Hafnarfjarðarbæjar,

Félags eldri borgara og bæjarfulltrúi. Í framhaldi hefur Öldungaráðið heimsótt og skoðað húsið að Sléttuvegi 19-23. Vinna er í gangi við að skoða hvort hægt er að afhenda Samtökunum ákveðna lóð á Hafnarfjarðarsvæðinu. Skilyrði Samtaka aldraða, er þar eins og annarsstaðar, hentugt umhverfi lóðar, aðgengi og nálægð við nauðsynlega þjónustu. Þá hafði formaður kynningarfund með bæjarstjóra Seltjarnarneskaupstaðar að frumkvæði Seltjarnarnesinga, þar var m.a. rætt um lóðamál.

EGJ

Stófrétt frá Reykjavíkurborg

Loksins, loksins



Fulltrúar öldungaráðs ásamt starfsmönnum ráðsins þeim Önnu Kristinsdóttur og Jónu Vigdís Kristinsdóttur. Frá vinstri: Kjartan Magnússon, Guðrún Ágústsdóttir, Þórunn H. Sveinbjarnardóttir og Sveinn Grétar Jónsson. Á myndina vantar Hrafn Magnússon.

Það var bjartsýnn og einbeittur hópur sem sat fyrsta fund öldungaráðs Reykjavíkurborgar í dag, 11. mars en það verður nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni borgarbúa sem eru 67 ára og eldri.

Ráðið mun stuðla að upplýsingagjöf og samstarfi Reykjavíkurborgar við hagsmunasamtök hópsins, móta stefnu og gera tillögur til borgarráðs sem varðar verkvið þess.

Öldungaráð er skipað fimm fulltrúum og jafnmörgum til

vara. Guðrún Ágústsdóttir er formaður ráðsins en hún og Kjartan Magnússon eru skipuð af borgarstjórn, fulltrúar frá Félagi eldri borgara eru Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir og Hrafn Magnússon og að lokum situr Sveinn Grétar Jónsson í ráðinu fyrir Samtök aldraðra. Starfsmenn ráðsins eru Anna Kristinsdóttir mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar og Jóna Vigdís Kristinsdóttir verkefnastjóri á mannréttindaskrifstofu. Varamenn ráðsins eru Helga Kristín Hjörvar, Áslaug Friðriksdóttir, Bryndís Hagan, Brynjólfur I. Sigurðsson og Ingólfur Antonsson.

Samtök aldraðra sendir Öldungaráði Reykjavíkur, velferðar og hamingjuóskir og vonar að störf þess öll, megi skapa, styrkja og styðja heillavænt umhverfi fyrir aldraða borgara í Höfuðborginni, með von um að borgarfulltrúar nýti ráðið til ráðgjafar í sínu þýðingarmikla starfi.

Öldungaráð

Ár 2015, 11. mars var haldinn 1. fundur öldungaráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl.09.10. Fundinn sátu Guðrún Ágústsdóttir, Kjartan Magnússon, Þórunn Sveinbjörnsdóttir og Sveinn Grétar Jónsson. Hrafn Magnússon boðaði forföll. Einnig sátu fundinn Anna Kristinsdóttir og Jóna Vigdís Kristinsdóttir sem var fundarritari.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram samþykkt fyrir öldungaráð dags. 16.12.2014. Ákveðið var að senda bréf til allra fagráða skv. 5. lið samþykktarinnar og óska eftir tengiliðum fyrir fagsviðin. (R12080081).
2. Kosning varaformanns öldungaráðs. Frestað til næsta fundar.
3. Rætt var um fundartíma öldungaráðs. Næstu fundir ráðsins verða: 27. mars, 8. apríl, 22. apríl og 6. maí.
4. Rætt var um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna.

Ákveðið var að heiðra konur sem verða 100 ára á árinu í samstarfi við forsætisnefnd. Mannréttindaskrifstofu falið að fá upplýsingar frá Hagstofu Íslands fyrir næsta fund. Einnig voru fulltrúar sammála um að leggja áherslu á aðstæður eldri kvenna á þessu fyrsta starfsári ráðsins.

5. Samþykkt var að fá kynningu á eftirfarandi á næstu fundum ráðsins:

- Aldursvænar borgir.
- Kynning á ákvæðum varðandi eldra fólk út frá mannréttinasáttmálum.
- Ofbeldi gagnvart öldruðum.
- Aðgerðaráætlun skv. stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum eldri borgara til ársins 2017.
- Aðstæðum eldri innflytjenda í Reykjavík.
- Vefsíðu Reykjavíkurborgar út frá aðgengi.

Fundi slitið kl. 10:37

Guðrún Ágústsdóttir, Kjartan Magnússon, Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Sveinn Grétar Jónsson

Öldungaráð

Ár 2015, 27. mars var haldinn 2. fundur öldungaráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst 10.06. Fundinn sátu Guðrún Ágústsdóttir, Kjartan Magnússon, Þórunn Sveinbjörnsdóttir og Sveinn Grétar Jónsson og Hrafn Magnússon, Einnig sátu fundinn Anna Kristinsdóttir og Joanna Marcinkowska sem var fundarritari.

Þetta gerðist:

1. Kynning á stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum eldri borgara til ársins 2017 og aðgerðaráætlun. Berglind Magnúsdóttir skrifstofustjóri velferðarsviðs kom á fundinn. Lagt til að velferðarsvið tilnefni áheyrnafulltrúa öldunga ráðs. **Samþykkt.**
2. Lagt til að Kjartan Magnússon verði skipaður varaformaður öldungaráðs. **Samþykkt.**
3. Erindi varðandi aðgengi eldra fólks að göngustígum lagt fram. Samþykkt að vísa erindinu til ferlinefndar og umhverfis- og skipulagssviðs.
4. Tilnefningar tengiliða sviða við öldungaráð. Ómar Einarsson verður tengiliður fyrir ÍTR.
5. Farið verður í kynnisferðir um stofnarnir fyrir aldraða í borginni. Guðrún Ágústsdóttir og Þórunn Sveinbjörnsdóttir munu skipuleggja ferðir. Samþykkt var að boða varamenn öldungaráðs á fund ráðsins 22. apríl og Margréti Steinarsdóttur framkvæmdastjóra Mannréttindaskrifstofu Íslands til að kynna ákvæði varðandi eldra fólk út frá mannréttinasáttmálum

Fundi slitið kl. 11:30

Guðrún Ágústsdóttir Kjartan Magnússon Þórunn Sveinbjörnsdóttir Sveinn Grétar Jónsson Hrafn Magnússon

Samstarf Samtaka aldraðra og félags eldri borgara í Reykjavík

Fyrir skömmu var haldinn undirbúningsrabb Félags eldri borgara og Samtaka aldrara hvort áhugi væri fyrir samstarfi félaganna um ýmiskonar málefnastörf og kanna hvar væri rétt og verðmætt væri að styrkja mátt og megin aldraðra með meiri félagslegri breidd og styrk.

Fram kom á fundinum samhljómur um að svo væri og tekin ákvörðun um að rétt væri fela kjörnum nefndum að kanna samstarfsávinning og gera stjórnnum félaganna tillögur um hvar væri best og hagkvæmast að bera niður, Stjórn Samtaka aldraðra mun bera upp tillögu á aðalfundi sínum 28 maí n.k. um skipan slíkrar nefndar.

29-31 við Sléttuveg, atvinnubót í kreppunni síðustu






Eldri húsin, íbúðir eru nú 443 í byggingu 22



SAMSUNG

Ný árgerð - nýjar áherslur



Nýju JU6675 tækin komin.
4K skjár með 1300 PQI.

40" verð: 194.900,-
48" verð: 239.900,-
55" verð: 319.900,-



Samsung JS9505 / JS9005 / JS8505



Byltingarkenndu SUHD tækin hafa fengið umsagnir eins og að aðrar eins framfarir í myndgæðum hafa ekki sést í nokkur ár. Komdu við í verslun okkar og sjáðu með eigin augum.

“The biggest leap forward in picture quality we’ve seen in years.”
- Trusted Reviews (UK)

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

SAMSUNG SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK - EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
--------------------------------------	--	------------------------------------	--	--------------------------------------	-------------------------------------	---	--	--	---	--	------------------------------------

Stærðir og verð á íbúðum

Kópavogsgærði 5-7

	Íbúð nr. nr.	Stæði í bílg. m ²	Stærð svala/ lóð m ²	Geymsla nr.	Birt stærð íb.	Birt stærð íb.+geym. í m ²	Samtals verð pr. íbúð Áætluð.
1. hæð	Gafl. 01-01	1	29,2	7,6	124,0	131,6	55.272.000
	01-02	nei	26,8	6,8	122,3	129,1	49.058.000
	01-03	1	27,4	7,7	115,1	122,8	45.436.000
	01-04	nei	26,8	6,8	122,3	129,1	49.058.000
	Gafl. 01-05	1	29,2	6,9	124,0	130,9	54.978.000
2. hæð	Gafl. 02-01	1	27,2	7,0	124,0	131,0	55.020.000
	02-02	nei	25,7	7,0	122,3	129,3	47.841.000
	02-03	1	25,8	6,9	115,1	122,0	45.140.000
	02-04	nei	25,7	7,0	122,3	129,3	47.841.000
	Gafl. 02-05	1	27,2	6,9	124,0	130,9	54.978.000
3. hæð	Gafl. 03-01	1	27,2	7,0	124,0	131,0	56.330.000
	03-02	1	25,7	6,8	122,3	129,1	53.577.000
	03-03	1	25,8	6,9	115,1	122,0	50.020.000
	03-04	1	25,7	7,9	122,3	130,2	54.033.000
	Gafl. 03-05	1	27,2	6,9	124,0	130,9	56.287.000
4. hæð	Gafl. 04-01	1	27,2	7,1	124,0	131,1	57.684.000
	04-02	1	25,7	7,2	122,3	129,5	54.390.000
	04-03	1	25,8	7,2	115,1	122,3	51.366.000
	04-04	1	25,7	7,0	122,3	129,3	54.306.000
	Gafl. 04-05	1	27,2	6,7	124,0	130,7	57.508.000
5. hæð	05-01	2	165,2	8,7	179,6	188,3	111.097.000
	05-02	2	171,5	11,00	193,0	204,0	120.360.000
						2.964,4	1.281.580.000

Kópavogsgærði 5-7

- Frábær eign við sjávarsíðuna -



Um er að ræða vandað og vel staðsett fjölbýlishús með lyftu og sér inngangi af svalagöngum við Kópavogsgærði 5-7 sem rís á Kópavogstúni í Kópavogi. Dverghamrar ehf í samstarfi við Samtök aldraða standa að byggingu hússins sem er ætlað fyrir 55 ára og eldri.

Lóðin liggur við hlið hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíð, í göngufæri við Sundlaug Kópavogs og stutt í aðra góða þjónustu við aldraða.

Byggingin snýr í suðvestur og er fallett útsýni út á sjó og yfir á Arnarneshæðina

Íbúðirnar skilast fullbúnar með gólfefnum ásamt stæði í bílageymslu. Innréttingar og skápar eru íslensk sérsmiði frá Brúnás, eikar innihurðir eru frá Parka og borðplötur úr granít bæði í eldhúsi og baðherbergjum. Íbúðum verður skilað með vönduðum heimilistækjum og þar með talið ísskáp og uppþvottavél frá AEG. Áætluð verklok eru í ágúst 2016.

Áhugasamir eru hvattir til þess að hafa samband við Karl Birgisson (s. 692 7971 eða karl@dverghamrar.is) hjá Dverghömrum til þess að fá ítarlegri upplýsingar um skilalýsingu og verð.

Einnig eru allar upplýsingar að finna á www.dverghamrar.is.

